



SKOÐUN Breyta þarf Landspítalanum úr hagræðingarhelvíti sem fyrst, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **15**



MENNING Geiri.net hefur glætt næturlíf Reykjavíkur á árunum 2001 til 2003 nýju lífi á Facebook. **34**



SPORT Sigfús Sigurðsson handknattleikskappi hefur lagt skóna á hilluna 37 ára að aldri. **28**

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!
93%

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Prentmiðlökunnn Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

11. febrúar 2013
35. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Engin 13. hæð

Hjátrú Samherjamanna varð til þess að engin 13. hæð er í Höfðatorgi. Í Turninum og á Grand Hótelu eru menn stoltir af 13. hæðinni. **2**

Skuldaleiðrétting Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á leiðréttingu á skuldum heimilanna. **6**

Númerslausir bílar Fjöldi númerslausra bíla er íbúum við Írabakka í Breiðholti þynnrir í augum. Ekki færri en tíu númerslausir bílar eru nú á stæðinu. **8**

Minna af laxi Lax sem meðafli í uppsjávarveiðum í fyrrasum var minni en árin á undan samkvæmt rannsóknnum Fiskistofu. **12**

SHALDOR
14



Bolungarvík	1°	SA	3
Akureyri	2°	SA	2
Egilsstaðir	0°	SA	3
Kirkjubæjarkl.	3°	A	5
Reykjavík	3°	SA	7

Skúrir Í dag má búast við S- og SA-átt, víða 3-8 m/s. Skúrir eða slydduél sunnan- og austanlands en úrkomulítið og bjart með köflum norðantil. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Lyftarar | Fólk



2 dagar til öskudags

PARTYBÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA

Faxafeni 11, Reykjavík • Amarahúsinu, Akureyri
partybudin.is • s. 534 0534



RJÓMABOLLUHÁTÍÐ Íslendingar munu sporðrenna gríðarlegu magni af rjómobollum í dag til að fagna hinum árlega bolludegi. Anna Björt Sigurðardóttir, starfsmaður Bakameistarans í Suðurveru, var í gær í óðaönn að búa sig undir uppgrip í rjómobollusölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja byggja laugar fyrir milljarða króna

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar um framtíðarsýn sundlauga leggur til margvíslegar framkvæmdir næstu ár, sem gætu hlaupið á milljörðum. Formaður ÍTR segir tillögurnar miðast við þarfir íbúanna og býst við góðum viðbrögðum.

REYKJAVÍK Þverfaglegur starfshópur um framtíðarsýn sundlauga í Reykjavík leggur til milljarða-framkvæmdir við nýframkvæmdir og viðhald lauga næsta áratug. Meðal annars er lagt til að hefja framkvæmdir við hverfislaug fyrir Grafarholt og Úlfarsárdal í ár. Tillögurnar eru nú til umsagnar hjá sviðum borgarinnar.

„Tillögurnar eru unnar út frá þörfum íbúa,“ segir Eva Einarsdóttir, formaður Íþrótt- og tómstundaráðs (ÍTR) og einn af skýrsluhöfundum. „Við horfum á málið út frá lífsgæðum í hverfunum, en það er líka staðreynd að víða í efri byggðum borgarinnar eignum við í erfiðleikum með að uppfylla skólasundsskyldu, því að laugarnar ráða hreinlega ekki við það. Það er ástæðan fyrir því að við byrjum á kennslulaug fyrir Grafarholt og Úlfarsárdal.“

Eva segir erfitt að leggja mat á heildarkostnað vegna framkvæmdanna sem tillagan felur í sér, enda eigi borgarráð eftir að taka þær fyrir. Þá segir í niðurlagi skýrslunnar að þar sem litið sé til langs tíma sé ekki hægt að meta kostnað við hvert verkefni að núvirði. Aðspurð segir Eva að líklega sé ekki ofsagt að um milljarðaframkvæmdir verði að ræða ef allar tillögurnar verði að veruleika.

Spurð hvort borgarbúar muni sætta sig við að slíkum fjármunum verði varið í sundlaugar segist Eva trúá því.

„Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við fyrirhuguðum breytingum við Sundhöllina. Og ef við lítum á viðbrögð og aukna aðsókn að laugunum í Laugardal eftir breytingarnar sem voru gerðar þar er augljóst að fólk var svo sannarlega að

„Það hefur sýnt sig að það er fjársjóður í borg að eiga svona góðar laugar.“

Eva Einarsdóttir, formaður ÍTR

taka þessu vel, þó að ef til vill megi deila um í hvaða röð verður ráðist í verkefni.“

Eva segir fjárfestingar við sundlaugar hafa setið á hakanum síðustu ár, jafnvel í góðærinu, en bætt aðstaða í laugunum skipti máli. Fjölskyldur nýti laugarnar til samveru og einnig sé aukin hreyfing almennings, þar með talið sund, í samræmi við áherslur borgarinnar um almenningsíþróttir.

„Það hefur sýnt sig að það er fjársjóður í borg að eiga svona góðar laugar,“ segir Eva að lokum.

- þj / sjá síðu 4

Björn bíður og Elsa bíður: Ekkert þokast í kjaradeilu

HEILBRIGÐISMÁL Ekkert hefur þokast í kjaradeilu hjúkrunarfræðinga frá því á mánudag þegar hjúkrunarfræðingar höfnuðu hugmyndum Landspítalans.

Björn Zoega, forstjóri Landspítalans, segist bíða eftir viðbrögðum hjúkrunarfræðinga, en Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, segist bíða eftir að yfirstjórn Landspítalans hafi samband.

- gb / sjá síðu 4



SÉRVERKEFNI

- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steintepparþrif



www.iss.is

Veisluþjónusta • Ráðstefnuþjónusta • Glæsileg pinnaborð

Brúðkaup • Fermingar • Árshátíðir • Afmæli

Cocktail .is

Sími: 899-8994 • Lionssalurinn Lundur • cocktail.is • salur.is

Veisluþjónusta

SPURNING DAGSINS



Ólafur, verða þetta orð í tíma töluð?

„Já, ég veit hvað klukkan slær.“ Stórleikarinn Ólafur Darri Ólafsson verður hin nýja „Ungfrú klukka“ sem svarar í síma 115 fyrir þá fjölmörgu sem enn reida sig á þá þjónustu.

Upplýsingafulltrúi Símans um tölvupóstsvindl sem kom upp fyrir helgina: Ekki frétt af neinum sem beit á

FJARSKIPTI Ekki er vitað til þess að nokkur hafi látið blekkjast af svikapósti sem barst á íslensk netpóstföng fyrir helgi, undir formerkjum Símans. Það segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, í samtali við Fréttablaðið.

Í póstinum, sem var skrifaður á óvandaðri íslensku, var viðtakanda tilkynnt að ekki hefði verið hægt að ganga frá greiðslu á reikning og viðkomandi beðinn um að láta í té margvíslegar

upplýsingar, meðal annars um greiðslukortanúmer. „Við fengum um tíu tilkynningar strax á laugardagsmorgun, en við höfum enn ekki frétt af því að neinn hafi fallið í gildruna. En þetta er óeitanlega bagalegt, því að þó að pósturinn hafi verið illa skrifaður eru ekki allir okkar viðskiptavinir altalandi á íslensku og einhverjir hefðu getað látið blekkjast.“

Gunnhildur sagði að forsvarsmenn Símans myndu taka

ákvörðun í dag um það hvort málið yrði kært til lögreglu.

„En fólk má hafa það í huga í framhaldi af þessu að Síminn biður aldrei um kortaupplýsingar í fjöldapósti,“ segir hún að lokum.

- þj

BÍFRÆFIÐ Tölvupósturinn var á óvandaðri íslensku og innihélt meðal annars ávarpið „Bæste kund“.



NÝÁRI FAGNAÐ Á HÁSKÓLATORGI Fjöldi fólks mætti til að fagna kínversku áramótunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kínversk nýárshátíð:

Ár dregans kvatt í Reykjavík

FÉLAGSSTÖRF Kínversk nýárshátíð var haldin á Háskólatorgi í Reykjavík í gær þegar ári dregans lauk. Í dag hefst síðan ár snáksins.

Fjöldi fólks fyldist með dregadansi, tónlistaratriðum og kínverskri bardagalist. Að því búnu var boðið upp á kínverskan mat og viðstaddir fengu fræðslu um kínverska skrautskrift og kínverska leikfimi, auk þess sem boðið var upp á kennslu í kínverskum barnasöngvum fyrir yngri kynslóðina.

- gb

Leitaraðgerðir á Siglufirði:

Leituðu áfram á sjó í gær

LÖGREGLUMÁL Leitinni að Grétari Sigfinnssyni var haldið áfram á Siglufirði í gær, en hans hefur verið saknað frá morgni miðviku-dags.

Um 30 manns frá björgunarsveitum leituðu á sjó, bæði kafarar og menn á bátum, þar sem talið er að búið sé að fullkemma leitarsvæðið á landi.

Meðal annars var notast við þát Björgunarfélags Akraness sem er búinn skanna til að mynda hafsbotninn. Gert er ráð fyrir að leit verði haldið áfram í vikunni, þó með færri leitarmönnum, en svo verði aftur blásið til stórrar leitar um næstu helgi.

- þj

Slys á björgunaræfingu:

Fimm létust er bátnum hvolfði

KANARÍYJAR, AP Fimm manns létu lífið þegar björgunarbáti hvolfði við breska skemmtiferðaskipið Thomson Majesty í höfn á Kanaríeyjum í gær. Að auki slósuðust þrjú menn.

Slysið varð á björgunaræfingu. Þeir sem létust voru allir í áhöfn skipsins, en enginn hinna 1.400 farþega tók þátt í æfingunni.

Þrjú hinna látnu voru frá Indónesíu, einn frá Filippseyjum og einn frá Gana.

Ákveðið var að fresta siglingu skipsins til Madeira, sem átti að verða næsti áfangastaður.

- gb

Hæð 13 vekur ýmist upp stolt eða ugg

Hjátrú Samherjamanna varð til þess að engin 13. hæð er í Höfðatorgi. Í Turninum í Kópavogi eru menn hins vegar stoltir af 13. hæðinni og á Grand Hótelu má þar finna sjálfar forsetasvítur. Ekki eina hjátrúin hjá Samherja, að sögn forstjórans.

FÓLK Hjátrú varð til þess að engin 13. hæð er í Höfðatorgi, nítján hæða byggingu við Borgartún. Það sama er ekki að segja um tvær aðrar byggingar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þeirri 13. er gert hátt undir höfði.

Á hæðinni fyrir ofan þá 12. í Höfðatorgi er Samherji með skrifstofur.

Hæðin er hins vegar ekki merkt númer 13, eins og eðlilegt væri, heldur númer 14. Sú sem í raun er 14. hæð hússins er svo merkt númer 15 og koll af kalli.

„Það má segja að þetta sé bara ákveðin sérvíska og hjátrú,“ segir Þorsteinn Már

Baldvinsson, forstjóri Samherja. „Við vildum bara ekki vera þarna.“ Hann segist hafa tekið þá ákvörðun sjálfur. „Þegar þetta kom til tals var ég ekki tilbúinn í að vera á þrettánda hæðinni,“ segir hann.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Samherji hafi borgað fyrir nauðsynlegar breytingar svo að þetta mætti verða, til dæmis á merkingum í húsinu og bréfsfni annarra fyrirtækja.

Þorsteinn Már kveðst ekki þekkja það sérstaklega en segir það þó rökrétt. Sá kostnaður hafi hins vegar tæpast vegið þungt í rekstri fyrirtækisins.

Þorsteinn segir þetta ekki eina dæmið um hjátrú hjá Samherja. „Fiskiskip fara til dæmis aldrei út á mánudegi í byrjun árs. Það bara gerist ekki,“ segir hann. Að sama skapi beygi menn aldrei á móti sólinni á leið í túra, heldur taki frekar stjórnbörðsbeygju, þótt það sé lengra.

Víða erlendis tíðkast að sleppa 13. hæðinni úr háhýsum. Framleiðandi Otis-lyftna áætla til dæmis að hana

vanti í 85 prósent þeirra húsa þar sem slíkar lyftur er að finna.

Og Höfðatorg er ekki eina húsið á Íslandi sem er meira en þrettán hæðir. Annað er Turninn í Kópavogi, sem er tuttugu hæðir, en þar er ekki hoppað yfir þá þrettánda. „Við erum mjög stoltir af henni,“ segir rekstrarstjórinn Arnar Hallsson um hæðina. Aldrei hafi komið til tals að sleppa henni og þótt hún sé ekki í útleigu sem stendur hafi ásókn í hana verið töluverð.

Grand Hótel við Sigtún er fjórtán hæðir og þar er einnig að finna hæð merkta númer 13. Á vef hótelsins segir meira að segja að hæðin geymi tvær forsetasvítur.

stigur@frettabladid.is

ÓVENJULEG LYFTA Samherji kom því í kring að þarna væri enginn hnappur með tölunni 13. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

HÖFÐATORG Í þessu húsi tekur fjórtánda hæðin við af þeirri tölftu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögreglan í Kaliforníu leitar enn að fyrrverandi lögreglumanni: Látið undan kröfu morðingja

BANDARÍKIN, AP Yfirmenn lögreglunnar í Los Angeles hafa ákveðið að fara að kröfu Christophers Dorner og endurskoða mál sem varð til þess að hann var rekinn úr lögreglunni árið 2007.

„Ég er ekki að gera þetta til að sefa morðingja,“ segir Charlie Beck, lögregluforingi í Los Angeles. „Ég er að þessu til að fullvissa almenning um að allt sem við gerum í lögreglueldinni sé gagnsætt og sanngjarnt.“

Dorner er grunaður um þrjú morð og fleiri skotárásir undanfarna daga. Mikil leit hefur verið gerð að honum, en ekki skilað árangri. Hann er enn í felum og hefur hótáð fleiri morðum.

Í margra blaðsíðna yfirlýsingu, sem hann birti á netinu, segist hann vera kominn í stríð gegn lögreglunni og sakar hana um kynþáttafordóma, en hann er sjálfur dökkur á hörund.

Hann var rekinn úr lögreglunni vegna agabrots en er ósáttur við þá niðurstöðu.

Hinn 3. febrúar lét hann til skarar skrifa og myrta mann og konu á bílastæði í borginni Irvine í Kaliforníu. Konan var dóttir fyrrverandi yfirmanns í lögreglunni í Los Angeles, sem á sínum tíma var fulltrúi



RICHARD DORNER Lögreglan í Kaliforníu birti þessa mynd af flóttamanninum. NORDICPHOTOS/AFF

Dorner í málaferlunum gegn honum. Dorner segir hann ekki hafa verið hagsmuni sína heldur dregið taum lögreglunnar.

Nokkru síðar særði hann lögreglumann í bænum Corona, og á fimmtudaginn var myrta hann einn lögreglumann og særði annan í bænum Corona.

Fimmtu fjölskyldum hefur verið fengin lögregluvernd af ötta við að Dorner reyni að myrða einhvern úr þeim.

- gb

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Finnst þér allir vera að hvísla?

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Vor og sumar á leiðinni



Suzuki Swift



Verð frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, beinskiptur) CO² 116g/km



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi
beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni
og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum
sem staðalbúnaði.



Velkomin í reynsluakstur

**FYRIR SKYNSAMT
FÓLK**



SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

GENGID
08.02.2013

	Bandaríkjadalur	127,54	128,14
	Sterlingspund	200,99	201,97
	Evra	171,03	171,99
	Dönsk króna	22,921	23,055
	Norsk króna	23,110	23,246
	Sænsk króna	19,891	20,007
	Japanskt jen	1,3789	1,3869
	SDR	195,44	196,60

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,8524

Valsmenn sækja um leyfi fyrir viðbyggingu sem sameinar hús á starfssvæði félagsins:

Vilja hýsa erlenda leikmenn á Hlíðarenda

SKIPULAGSMÁL Knattspyrnufélagið Valur vill fá að byggja þúsund fermetra viðbyggingu við mannvirki sín á Hlíðarenda. Félagið hefur sent beiðni um leyfi til Reykjavíkurborgar.

Viðbyggingin á að tengja gömul hús á svæðinu, íbúðarhús og fjós, við eldri hluta íþróttahússins. „Tillagan gerir ráð fyrir rúmum 1000 m² í einnar hæðar tengbyggingu og tveggja hæða framlengdu íþróttahúsi.“ Valsarar hyggjast innrétta minjasafn í fjósinu og sameiginlega setustofu í gamla íbúðarhúsinu.

Þá vilja Valsarar að ellefu gistirými verði í byggingunni. Skipulagsfulltrúi segir þau áform háð því að aðeins sé um skammtímagisti aðstöðu fyrir leikmenn að ræða, en í eldri fyrirspurn frá Val um sama mál kemur fram að í gegnum tíðina hafi leikmenn og gestir gisti í íbúðarhúsinu og fjósinu. Þá hafi íslensk íþróttafélög marga erlenda leikmenn og þurfi að sjá þeim fyrir gistingu. „Er hugmyndin um þetta mannvirki beintengd þeirri staðreynd og myndi til lengri tíma litið spara háar fjárhæðir,“ segir í fyrirspurninni. -þeb



HLÍÐARENDI Nýr völlur og íþróttahús voru tekin í notkun á Hlíðarenda fyrir nokkrum árum. Nú vilja Valsarar hefja annan hluta framkvæmdanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tvívurur handteknir:

Ekki vitað hvor þeirra er sá seki

FRAKKLAND Lögreglan í Marseille hefur handtekið eineggja tvívura, 24 ára gamla, vegna rökstudds gruns um að annar hvor þeirra sé sekur um sex nauðganir sem framdar hafa verið í vetur.

Vandinn er sá að lögreglan veit ekki hvor þeirra er hinn seki. Frá þessu er skýrt á fréttavef BBC.

Tvívurarnir eru 24 ára gamlir og vinna báðir sem vöruflutningabílstjórar.

Samkvæmt öryggismyndavélum og einu vitni þykir ljóst að annar hvor þeirra sé sökudólgurinn. Líkindi þeirra eru mikil, og ekki er mikla hjálp að fá úr DNA-rannsóknunum, því erfðaeftni eineggja tvívura er mjög líkt. -gb



ALLEN OG DUNFORD Bandarísku herforingjarnir í Afganistan. NORDICPHOTOS/AFF

Horforingjaskipti í Kabúl:

Allen segir að Afganar sigri

AFGANISTAN, AP Bandaríski herforinginn Joseph Dunford er tekinn við af John Allen sem yfirmaður erlenda herliðsins í Afganistan.

Allen, sem hefur verið yfirmaður heraflans í 19 mánuði, segir að á endanum verði það afganska herliðið sem muni vinna sigur á uppreisnarmönnum.

Bandaríkjaher er að þjálfa afganska herinn, en í vor er stefnt að því að afganska herliðið verði orðið tilbúið til að taka að sér meginþungann af baráttunni við uppreisnarliðið. -gb

Vilja byggja nýjar laugar í Fossvogi og Vatnsmýri

Starfshópur um framtíðarsýn sundlauganna vill að byggðar verði laugar í Fossvogi og Vatnsmýri. Hópurinn vill hverfislaug í Grafarholt og hafnarlaug við Reykjavíkurböfn. Útilaug við Sundhöllina verði tilbúin á næsta ári.

SAMFÉLAGSMÁL Útilaug við Sundhöllina ætti að rísa á næsta ári og hverfislaug fyrir Grafarholt og Úlfarsárdal árið 2015. Fjórar laugar til viðbótar ætti að byggja í borginni á næstu ellefu árum.

Þetta er tillaga þverpólítísks starfshóps á vegum borgarinnar um framtíðarsýn sundlauganna í Reykjavík, sem skilað hefur skýrslu um málið.

Aðrar laugar sem hópurinn leggur til að fjárfest verði í eru meðal annars innanhússlaug við Vesturbæjarlaugina og alveg nýjar sundlaugar í Fossvogi og Vatnsmýri. Þá ætti að mati hópsins að fjárfesta í hafnarlaug við Reykjavíkurböfn og endurnýja laugarker við Laugardalslaugina.


Fjárfestingaáætlun hópsins er gerð í samræmi við drög að aðalskipulagi, og hann telur æskilegt að uppbygging sundlauga haldist í hendur við markmið skipulagsins, sem er að byggja borgina innan núverandi borgarmarka.

„Til lengri tíma litið fjölgar íbúum mest í nýju hverfi í Vatnsmýrinni þegar flugstarfsemi þar verður lögð af. Þar má gera ráð fyrir nýrri laug sem mun þjóna jafnframt stórum vinnustöðum á svæðinu, svo sem spítala og háskólum. Annað svæði sem gæti vaxið verulega til framtíðar er svæðið við Elliðaárvog,“ segir meðal annars í skýrslunni. „Miðað við forsendur aðalskipulagstillögu verður fjölgun íbúa í Grafarvogi og Úlfarsárdal, rúmlega þriðjungur allrar fólksfjölgunar.“

Til skemmri tíma litið eru

TILLÖGUR AÐ UPPBYGGINGU SUNDLAUGA

- 1 Viðbygging við Sundhöllina – 2013-2014
- 2 Hverfislaug fyrir Grafarholt og Úlfarsárdal – 2013-2015
- 3 Endurnýjað laugarker við Laugardalslaug, hugsanlega á nýjum stað – 2016-2017
- 4 Hafnarlaug - almenningsstaður – 2014-2015
- 5 Innanhússlaug við Vesturbæjarlaug – 2018-2019
- 6 Fossvogslaug – 2020-2022
- 7 Vatnsmýrarlaug – 2022-2024



svæðin í nágrenni við Vesturbæjarlaug, Sundhöllina og Laugardalslaug sögð líklegust til þess að vaxa, og helst þarf að bæta aðstæður í Vesturbænum. Meiriháttar viðhald er áformað í öllum þessum laugum.

Einnig er fjallað um markaðssetningu sundlauganna og fjölda gesta í skýrslu hópsins. Þar kemur fram að í fyrra voru gestir sundlauganna í Reykjavík rúmlega 1,8 milljónir. Markmið hópsins er að fjölga í þessum hópi um 170 þúsund gesti. Þá hafa tæp 30 prósent þeirra erlendu ferðamanna sem koma til borgarinnar farið í sund, eða um það bil 158 þúsund ferðamenn. Takmark borgarinnar er að helmingur allra ferðamanna sækji laugararnar meðan á heimsókn þeirra stendur.

thorunn@frettabladid.is

Samkeppni um Sundhöllina í apríl



Reykjavíkurborg hefur skipað annan starfshóp til þess að undirbúa opna hönnunarsamkeppni um viðbygginguna við Sundhöllina. Starfshópurinn á að skila niðurstöðum sínum til skipulagsráðs Reykjavíkur fyrir mánaðamót og á opna samkeppnin að hefjast 2. apríl næstkomandi.

VINNUFUNDUR

ÁRSHÁTÍÐ – FYRIRLESTRAR – HÓPEFLI

Ertu að skipuleggja árs hátíð, vinnufund eða hvataferð fyrir þitt starfsfólk eða viðskiptavinum. Við bjóðum úrval þjónustu fyrir fyrirtæki sem vilja skipulagðar ferðir og um leið góð tengsl við náttúruna.

- 20 tveggja manna herbergi.
- Allt á staðnum fyrir vinnufundi.
- Skipuleggjum ýmis afþreyingu:

Ferðir upp á Snæfellsjökul, sjóferðir, hellaskoðun eða gönguferðir með leiðsögn.

Tökum við fyrirspurn og bókunum í síma 430 8600


Verð frá 14.900 kr. á mann fyrir gistingu og fullt fæði í einn sólahring.

Hótel Hellissandur
www.hotelhellissandur.is

Hótel Hellissandur - Klettsbúð 9 - 360 Hellissandur
Sími 430 8600 - hotelhellissandur@hotelhellissandur.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



TÍÐINDALÍTIÐ Í dag má búast við skúrum eða eljum S- og A-til en það verður bjart með köflum norðanlands. Á morgun verður svípað veður en á miðvikudaginn hversir heldur um sunnan- og suðaustanvert landið.

Alicante 15°	Berlín 0°	Friedrichshafen 2°	Las Palmas 21°	New York 7°	París 5°
Apæna 13°	Billund 0°	Gautaborg -1°	London 4°	Orlando 27°	San Francisco 15°
Basel 1°	Frankfurt 1°	Kaupmannahöfn -1°	Mallorca 12°	Ósló -5°	Stokkhólmur -2°

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður






TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

STANZ STANZ STANZ

- komdu í ókeypis ástanzskoðun í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota



Í febrúar er ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.

Auk þess þjóðum við **20% afslátt** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.* Stanzaðu í febrúar og bókaðu tíma.

Engin vandamál - bara lausnir.

*Ef þú greiðir með greiðslukorti áttu kost á að dreifa greiðslum í þrjá mánuði, vaxtalaust frá og með 2. apríl með 3,5% þjónustugjaldi. Mismunandi hámarksupphæðir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	210 Garðabæ	570 5000
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6610
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	200 Kópavogi	440 8000
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bítangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bítaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bítaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bítageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hve löng má bifreið vera til að fá íbúakort frá Bílastæðasjóði til að geta lagt ókeypis í miðbænum?
2. Hve mikið af síld er talið að hafi drepist í Kolgrafafirði undanfarið?
3. Hver verður hin nýja rödd klukku Símans og tekur við síðar í þessum mánuði?

SVÖR

1. 5,2 metrar. 2. Rúmlega 50 þúsund tonn. 3. Ólafur Darrí Ólafsson, leikari.

Lokafrestur hjúkrunarfræðinga til að draga uppsagnir til baka rennur út á morgun:

Björn bíður eftir Elsu, og Elsa eftir Birni

HEILBRIGÐISMÁL „Við erum bara að bíða,“ sagði Björn Zoega, forstjóri Landspítalans, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gærkvöld. „Við erum búin að spila út því sem við höfum og það er ekki tilboð heldur er þetta það sem við höfum í höndunum. Við höfum ekki úr meiru að spila.“

„Það hefur ekki verið boðað til fundar með okkur,“ sagði síðan Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, þegar Fréttablaðið hafði samband við

hana í gærkvöld. „Þannig að það er í sjálfu sér ekkert að gerast.“

Hún segir að hjúkrunarfræðingar hafi enn vilja til að semja: „En okkar mat og þeirra sem mættu á þennan fjölmenna fund hjá okkur á mánudag er að þetta sé ekki nóg.“

Staðan hefur því verið sú, frá því á mánudag, að hjúkrunarfræðingar bíða eftir því að yfirstjórn Landspítalans hafi samband, og yfirstjórn Landspítalans bíður eftir því að hjúkrunarfræðingar hafi samband.

„Nú? Það er þá kannski rétt að fara að gera eitthvað,“ sagði Elsa, þegar hún frétti í gærkvöld að yfirstjórn Landspítalans væri að bíða eftir útspli frá hjúkrunarfræðingum. „En það er ljóst að það þarf meira fjármagn, og það verður annaðhvort að koma úr ríkissjóði eða að einhverjar tilfærslur verði innan spítalans.“

Á morgun rennur út frestur sem Landspítalinn hefur sett hjúkrunarfræðingum til að draga uppsagnir sínar til baka.



LANDSPÍTALINN Uppsagnir hjúkrunarfræðinga taka gildi um mánaðamótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ora
Ástríða í matargerð

ÍSLENSKJÖTSÚPA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fljótlegt & gott



32. FLOKKSPING FRAMSÓKNARMANNA Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður í ræðustól.

Áhersla á Icesave og skuldaleiðréttingu

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á leiðréttingu á skuldum heimilanna. Flokkurinn vill blandaða leið í stjórn fiskveiða með byggðapottum. Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður var kjörinn varaformaður flokksins um helgina.

STJÓRNMÁL Framsóknarflokkurinn hélt 32. flokksping sitt um helgina. Þar voru línurnar lagðar fyrir kosningabaráttuna og mun flokkurinn fyrst og fremst leggja áherslu á skuldaleiðréttingu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, lagði mikla áherslu á einarða afstöðu flokksins gegn Icesave-samningunum.

Þingið var haldið í kjölfar góðrar útkomu flokksins í skoðanakönnunum undanfarið, en fylgi hans hefur aukist eftir að dómurinn féll um Icesave. „Fullnaðarsigur í Icesave-málinu gefur nú aukin tækifæri til að taka á þeim ógnum sem vofa yfir íslensku efnahagslífi og heimilum. Í þeirri baráttu munum við sýna sömu festu og áður,“ sagði formaðurinn í stefnuræðu sinni.

Sigmundur kom víða við í ræðu sinni og varð tíðrætt um skuldavanda heimilanna. Hann sagði ríkisstjórnina hafa vannýtt tækifæri til að koma til móts við

Áhersla á þjóðina

Sigmundur Davíð vísaði margoft í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar í ræðu sinni. Þar tiltók hann Fjölismenn, Baldvín Einarsson og Ármann á Alþingi, auk þess að vitna til Jónasar Hallgrímssonar. Íslendingar þyrftu að líta til umbótastarfs genginna kynslóða. „Tækifæri Íslendinga hafa aldrei verið jafnmikil og nú, en við nýtum þau ekki nema við trúum á okkur sjálf, trúum á landið og þjóðina og framtíð hennar.“

heimilin í landinu. „Fyrir fjórum árum síðan mistókst ríkisstjórninni að nýta upplagt tækifæri til að létta á skuldavanda heimilanna. Það er beinlínis óskiljanlegt hvers vegna leiðréttingarleiðin var ekki farin. Leið sem flestir viðurkenna nú að var bæði raunhæf og framkvæmanleg.“ Formaðurinn lofði því að ef flokkurinn kæmist í ríkisstjórn mundi hann fylgja eftir þessum baráttumálum flokksins.

Framsóknarmenn samþykktu víðfeðmar ályktanir í ýmsum málum. Flokkurinn vill blandaða leið í stjórnun fiskveiða, sem byggji annars vegar á grunni afla-

hlutdeildar á skip og hins vegar á úthlutun veiðileyfa. Við þá úthlutun verði tekið mið af sértækum byggðaaðgerðum en veiðileyfunum verði skipt í tvo potta og úr öðrum þeirra verði gerður nýtingarsamningur til 20 ára.

Framsóknarflokkurinn telur hag Íslands best borgið utan Evrópusambandsins og telur að endurskoða þurfi Schengen-samstarfið. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var endurkjörinn formaður flokksins á þinginu og þá var Sigurður Ingi Jóhannsson kjörinn varaformaður.

kolbeinn@frettabladid.is

FISKIBOLLU TILBOÐ

HEIMILISFISKFARS

790 kr.kg

Fiskhakk „með lauk“ 990 kr.kg
Fiskhakk „án lauks“ 990 kr.kg
Fiskibollur „nýsteiktar“ 1.390 kr.kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



Við flytjum þér góðar fréttir

365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Postdreifing

Postdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Prír menn teknir höndum eftir líkamsárás í húsi Vítisengla við Síðumúla: Öllum sleppt eftir yfirheyrslur

LÖGREGLUMÁL Þremmingarnir sem voru handteknir á laugardag í tengslum við líkamsárás í húsnæði Vítisengla í Síðumúla voru látnir lausir um kvöldið eftir yfirheyrslur.

Sá sem varð fyrir árásinni hlaut áverka á höfði en var útskrifaður af sjúkrahúsinu samdægurs.

Í húsléit sem lögregla réðist í í kjölfar árásarinnar var lagt hald á fíkniefni og töluvert magn af áfengi. Vítisenglarnir hafa nýlega komið sér fyrir í umræddu húsnæði, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu, en þar er rekinn ólöglegur veitingastaður.

Þegar lögregla kom á staðinn á laugardagsmorgun voru á bilinu 25 til 30 manns inni á staðnum.



VÍTISENGLAR Prír voru handteknir vegna líkamsárásar í húsnæði Vítisengla við Síðumúla. Þar fundust einnig fíkniefni og áfengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

SPRENGIDAGURINN ER Á MORGUN

SALTKJÖT OG BAUNIR

45% minna salt – Sama bragð

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sérílagi þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting og/eða eru yfir kjörþyngd. Kjötmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

SALTMINNA SALTKJÖT
45% minna salt

**SALTKJÖT
BLANDAÐ**
1199KR/KG

**SALTKJÖT
VALIÐ**
2399KR/KG



BAUNASÚPA

1,4-1,5 kg saltkjöt
400 g baunir
2,8 lítrar vatn
50 g beikon
1 stór laukur
500 g kartöflur
500 g rófur
250 g gulrætur

Baunir eru lagðar í bleyti yfir nótt og svo eru þær skolaðar og settar í pott með vatninu og lauk sem er búið að flysja og skera í bita. Beikoni og kjöti er bætt við og allt soðið við vægan hita í ca. 60 mín. Það þarf að hræra í pottinum og fleyta af öðru hverju. Þá er sett út í kartöflur, rófur og gulrætur og soðið áfram við væga suðu í ca. 30 mín. Saltað eftir smekk ef þurfa þykir.



TILBÚNAR BOLLUR

Rjómobollur (ger) með súkkulaði.
Rjómobollur (ger) með púnsi
Vatnsdeigsbollur:
Irish coffie og karamella
Rjómobollur með súkkulaði
Bananafylling og karamella
Daim með kaffi og karamellu
NÝTT Piparmyntubolla



ROYAL BÚÐINGUR
góður á milli



BOLLUGLASSÚR



**KÖTLU
VATNSDEIGSMIX**
auðveldar bollubaksturinn



SULTUR
mikið úrval



**MYLLU
BOLLUGLASSÚR**
gotterí ofan á



MYLLU BOLLUR
gerbollur, vatnsdeigsbollur
litlar og stórar

Matsfyrirtækin samhljóða: Lánshæfismat Íslands batnar

EFNAHAGSMÁL Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's hefur breytt horfum á lánshæfismat ríkissjóðs úr neikvæðum í stöðugar. Byggir ákvörðunin á því að sú áhætta sem fólst í dómssálinu um Icesave-deiluna sé fyrir bí.

Er langtímalánshæfiseinkunn Íslands nú í lægsta fjárfestingarflokki með stöðugar horfur hjá þeim öllum. Þá kemur fram í tilkynningu Moody's að önnur þróun í efnahagslífi Íslands hafi verið jákvæð síðasta árið. - mþl

Bandaríska vopnafyrirtækið Raytheon hefur þróað nýstárlegu leitarvélina RIOT:

Njósnað um einstaklinga á samskiptasíðum

NETÖRYGGI Bandaríska fyrirtækið Raytheon hefur hannað leitarvél sem þefar uppi upplýsingar um einstaklinga á samskiptasíðum á borð við Facebook og Twitter.

Fyrirtækið, sem framleiðir vopn og tekur að sér verk á sviði öryggisþjónustu og hernaðar, hefur enn ekki selt neinum þennan hugbúnað.

Breska dagblaðið Guardian hefur hins vegar komist yfir myndband sem lýsir því hvernig leitarvélir virkar. Leitarvélir heitir RIOT, sem stendur fyrir Rapid Information Overlay Technology. Með henni er auðveldlega hægt að ná í allar upplýsingar sem einstaklingar hafa sett inn á samskiptasíður sínar.

Þannig er hægt að fá býsna skýra heildarmynd af viðkomandi einstaklingi, til dæmis hverja hann umgengst, hvaða áhugamál hann hefur og hvert hann er vanur að ferðast. Allt þetta er hægt að staðsetja á korti með fáeinum músarsmellum og fá upp myndir af viðkomandi, vinum hans og stöðunum sem hann hefur komið til.

Í myndbandinu er tekið dæmi af einum starfsmanni fyrirtækisins, sem heitir Nick, og sýnt hve auðvelt er að finna út að miklar líkur séu á því að hitta á hann á tiltekinni líkamsræktarstöð klukkan sex að morgni flesta daga vikunnar. - gb



MED FORSET-ANUM Edward Campbell, framkvæmdastjóri Raytheon, tók í síðustu viku við orðu úr hendi Bandaríkjaforseta fyrir framlag sitt til tækninýjunga.

NORDICPHOTOS/AFP



– FYRIRTÆKI VERÐUR TIL –

Veruleiki sýndarveruleikans Sagan um vöxt og velgengi CCP



Miðvikudaginn 13. febrúar nk. kl. 12.00
í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP, fjallar um sögu þess og hraðan vöxt í þriðja erindi fyrirlestraráðarinnar **Fyrirtæki verður til**.

CCP var stofnað árið 1997 og er líklega þekktast fyrir fjölspilunarnetleikinn EVE Online sem hóf göngu sína árið 2003.

CCP hefur vaxið á undraverðum hraða og nú starfa rúmlega 500 manns hjá fyrirtækinu, þar af um 300 í höfuðstöðvunum á Íslandi. Auk þess hefur fyrirtækið starfsstöðvar í Atlanta, Newcastle, San Fransisco og Shanghai.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

HVER PREMILLINN!

Sendið okkur myndir og upplýsingar um söðaskap, hirðuleysi, slysgildir og fleira á póstfangið: thremillinn@frettabladid.is



ÁN NÚMERA Tíu númerslausir bílar taka staði frá íbúum fjölbýlishúsa við Írabakka í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Númerslausir bílar hrannast upp

Fjöldi númerslausra bíla er íbúum fjölbýlishúsa við Írabakka 2 til 34 þyrnir í augum. Íbúi sem samband hafði við blaðið segir ekkert gerast þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan hjá borgaryfirvöldum og lögreglu. Bílarnir hafi flestir verið óhreyfðir í stæðum fjölbýlishúsanna síðan í nóvember síðastliðnum og á þá hefur verið límdur viðvörðunarmiði frá lögreglu.

Eftirgrennslan blaðsins leiddi í ljós að ekki færri en tíu númerslausir bílar standa í stæðum við fjölbýlishúsið. Íbúi segir málið bagalegt því bílastæðaskortur valdi því að farlaga fólk og aðrir sem erfitt eigi um gang fá ekki staði nálægt upphituum stéttum við blokkirnar. Á stæðunum myndist svellbunkar sem geti verið afar varasamir.

Samkvæmt upplýsingum frá dráttarbílaþjónustu Vöku eru bílar fjarlægðir eftir ákveðnu verklagi í samvinnu við borgaryfirvöld. Eigendur þeirra fá síðan reikninginn fyrir dráttinn.

Rósa Magnúsdóttir hjá heilbrigðiseftirliti borgarinnar segir að hafi starfsmenn borgarinnar sett miða á bílhrae séu eigendum



MERKTUR Límmiðar lögreglu eru á bílunum, sem staðið hafa óhreyfðir mánuðum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

alla jafna gefnir tíu dagar til að fjarlægja bílinn. Hún geti hins vegar ekki svarað fyrir verklag lögreglu og þekki ekki reglur hennar um drátt bíla sem fengið hafi viðvörðun. Heilbrigðiseftirlitið bregðist við umkvörtunum húsfélaga vegna númerslausra bíla.

- óká



VERTU TIL.

Reebok FITNESS

3.990 KR/MÁN – ENGIN BINDING!

FULLKOMIN ÆFINGAABSTADA – FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA
NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT ÞITT PLÁSS – ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR
ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MARGIR FLEIRI

ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS – RFC.IS – M.RFC.IS

Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.



Í sátt og samlyndi við náttúru og menn



FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eignum bílum á frábæru verði!



Tökum notaðan uppi notaðan! Erum í samningsstuði!

MAZDA CX7

Nýskr. 10/07, ekinn 68 þús. km. bensín, sjálfskiptur.

Verð áður kr. 3.390.000

Rnr.151716

TILBOÐSVERÐ

2.790 þús.



HYUNDAI ix35

Nýskr. 05/12, ekinn 21 þús. km. bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.890 þús.

Rnr.120115.



NISSAN X-TRAIL

Nýskr. 06/11, ekinn 33 þús km. dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.990 þús.

Rnr.141351.



TOYOTA AVENSIS SOL

Nýskr. 07/11, ekinn 11 þús km. bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.490 þús.

Rnr.-190612.



NISSAN PATHFINDER SE

Nýskr. 05/12, ekinn 22 þús. km. dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 7.690 þús.

Rnr.-151698.



NISSAN QASHQAI+2 - 7 manna

Nýskr. 06/11, ekinn 34 þús. km. bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.590 þús.

Rnr.151561.



MMC PAJERO INSTYLE

Nýskr. 08/07, ekinn 62 þús. km. dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.790 þús.

Rnr.141379.

Gerðu frábær kaup hjá Bílalandi BL

bíaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík

Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Skortur á leguplássum á stórum sjúkrahúsum í Stokkhólmi: Þurftu að fresta aðgerðum

SVÍÞJÓÐ Fresta þurfti aðgerðum á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi í Solna og Huddinge í byrjun febrúar vegna skorts á hjúkrunarfræðingum samtímis því sem fjöldi sjúklinga með influensu og aðra smitsjúkdóma var lagður inn. Fram kemur í sænskum fjölmiðlum að fresta hafi þurft aðgerðum á tveimur öðrum sjúkrahúsum í Stokkhólmi síðastliðið haust og senda hafi þurft sjúklinga fyrr heim en undir eðlilegum kringumstæðum.

Á fréttavef Svenska Dagbladet

er haft eftir formanni læknafélagsins í Stokkhólmi, Thomas Flodin, að almennt sé skortur á leguplássum á sjúkrahúsum í Stokkhólmi. Svíþjóð sé það vestræna ríki þar sem fæst legupláss séu á hverja 1.000 íbúa. Það er mat Flodins að 400 legupláss til viðbótar séu nauðsynleg til þess að þjónustan verði góð. Læknafélagið í Stokkhólmi er ekki sátt við að pláss í nýrri byggingu Karolinska í Solna verði færri en í þeirri byggingu þar sem starfsemin er nú.

- ibs



AÐGERÐ Gert er ráð fyrir að á næstu árum fjölgi leguplássum í Stokkhólmi. Þó fjölgar íbúum einnig, sem kallar á fleiri legupláss.


NORDICPHOTOS/AFP

Ilja- og herðanudd í nýjum 115 milljóna króna risapotti í Vesturbæjarlaug: Þurfi ekki að ávarpa heilan pott

ALMENNINGSÍPRÓTTIR Iljanudd og herðanudd verður í boði í fjölskylduvænni samstæðu heitra potta sem fyrirhuguð er í Vesturbæjarlauginni í Reykjavík.

Að því er segir í umsögn starfshóps er potturinn hluti af átaksverkefni í sundlaugum borgarinnar og á potturinn að taka „mið af því að fólk njóti samræðu í minni hópum og þurfi ekki að ávarpa alla pottverja samtímis“. Því verði potturinn nokkuð stór með minni svæðum sem sum verði sérstaklega barnvæn.

Nánar segir um þetta nýja mannvirki að í því verði vaðpottur með leiktækjum fyrir börn auk nuddpotts og hvíldarpotts. Á milli nudd- og hvíldarpottanna er komið fyrir herðanuddi. Ilja-



FJÖLSKYLDUPOTTURINN Nýr heitur pottur í Vesturbæjarlaug er hluti átaksverkefnis árána 2012 til 2014. Potturinn er til vinstri á teikningunni.

MYND/REYKJAVÍKURBORG

nuddið er í nuddpottinum. Þá á vatnsyfirborð pottanna að vera um 45 sentimetrum yfir laugarbakkanum til að auðvelda aðgengi fatlaðra og rýma til á sundlaugar-

svæðinu til að sólar njóti sem best.

Gróf kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar er 115 milljónir króna.

- gar

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tolvum og láta til sín taka á svernum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfarir á að kenna fólk sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðenn og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrin. Þú ert tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fé að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRÐUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Betra bragð þegar sleikt er: Súkkulaðiþragð af frímerkjum

BELGÍA Límið aftan á frímerkjunum í Belgíu er nú blandað súkkulaði, að því er pósthjónustan þar í landi fullyrðir. Á viðskiptavefnum e24.no er greint frá því að fengnir hafi verið sérfræðingar frá Hollandi, Þýskalandi og Sviss til aðstoðar við þróun frímerkjana.

Fyrstu frímerkjin af þessari tegund eiga að kosta 6,20 evrur og koma á markaðinn í mars. Þau eru fyrst og fremst ætluð á póstsendingar til annarra landa. - ibs



BLÓÐUG ÁTÖK Hollendingar eru meðal erlendra ríkisborgara sem hafa tekið virkan þátt í borgarastríðinu í Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Baráttan gegn Assad:

Hollendingar í borgarastríði

HOLLAND Fjölmargin hollenskir borgarar berjast með uppreisnarmönnum í Sýrlandi og gætu snúið heim enn róttækari en áður að sögn Robs Bertholee, yfirmanns í hollensku leynihjónustunni.

Bertholee segir þetta áhyggjuefni vegna þeirrar reynslu sem mennirnir fá í bardaga og áfalla sem þeir verða fyrir.

Hann telur að hundruð manna frá Evrópu og margir frá Hollandi hafi farið til Sýrlands til að slást í hóp uppreisnarmanna í heilögu stríði til að koma Assad forseta frá völdum. - góá

Dæmdir í 40 ára fangelsi:

Myrtu unglings fyrir mistök

LONDON, AP Tveir leigumórðingjar sem fóru húsavillt og stungu unglings til bana í London árið 2010 voru í síðustu viku dæmdir í 40 ára fangelsi.

Dómarinn sagði mennina, Ben Hope og Jason Richards, sem voru langt leiddir fíkniefnaneytendur, ekki hafa sýnt iðrun vegna morðsins á hinum 17 ára Aamir Siddiqi.

Hope og Richards höfðu fengið 1.000 pund hvor að launum fyrir að myrða mann vegna skuldar við kaupsýslumann. Þess í stað myrtu þeir Siddiqi við heimili hans. - góá

Íran hafnar viðræðum:

Vilja ekkert við Bandaríkin tala

ÍRAN, AP Hugmyndir Bandaríkjanna um beinar viðræður við Írana þjóna engum tilgangi á meðan bandarísk stjórnvöld hóta landinu með refsiaðgerðum, segir Ayatollah Ali Khameini, leiðtogi Írans, en hann ræður mestu um veigamiklar ákvarðanir íranskra stjórnvalda.

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, tók undir þessi orð Khameinis á blaðamannafundi í Kaíró í Egyptalandi á fimmtudag.

Íran neitar enn að hafa í hyggju að koma sér upp kjarnorkuvopnum, þrátt fyrir að áfram sé haldið uppbyggingu kjarnorkuvinnslu í Íran. - gb

Hjúkrunarfræðingur sem sagt hefur upp kveðst helst vilja vinna á LSH:

Ákveðinn hluti hættir sama hvað býðst

VINNUMÁL Dæmi eru um hjúkrunarfræðinga sem ekki ætla að snúa aftur til starfa á Landspítalanum sama hvað kemur út úr viðleitni til að bæta kjör þeirra.

„Mig langar að vinna hér heima og á Landspítalanum, sem er spennandi vinnustaður. Þar gerast hlutirnir á Íslandi,“ segir Bergþóra Eyjólfsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún er ein þeirra sem sagt hafa upp störfum á spítalanum. Um leið áréttar Bergþóra að hún tali bara fyrir sjálfa sig. Þá viti hún líka líka af nokkrum hjúkrunarfræðingum sem ekki ætla að snúa aftur til starfa við spítalanum vegna þess að þeir hafi þegar tryggt sér vinnu annars staðar.



BERGÞÓRA EYJÓLFSDÓTTIR

„En ég er spennt yfir þessum fréttum um að spítalinn og ríkið vilji leggja fjármuni í að ná samningum og taka um leið á kynbundnum launamun í landinu,“ segir Bergþóra. Hún kveðst því munu skoða með opnum hug hvað út úr samningunum komi og snúa þá mögulega aftur til starfa við spítalanum. „En á móti kemur svo að þegar ég sagði upp þá var ég alveg tilbúin að fara annað að vinna, annaðhvort úti í Noregi eða á öðrum starfsvettvangi,“ bætir hún við. Hún muni því ekki sætta sig við hvað sem er þegar kemur að bættum kjörum við spítalanum.



FUNDUR Hjúkrunarfræðingar höfnuðu á mánudag uppleggi að nýjum stofnanasamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SPRENGIDAGSSALTKJÖT



Fyrsta flokks hráefni er grunnurinn að góðri máltíð. Goða saltkjöt er sérvalið og framleitt af sannkölluðum fagmönnum.

Borðuðu vel á sprengidaginn!



-alltaf góður

Sjómenn í fíkniefnaráðgjöf: Fastráða ekki í skipsrúm strax

ATVINNUMÁL Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum ætlar ekki að sinni að fastráða í stöður sjómannaanna ellefu sem reknir voru eftir að falla á fíkniefnaprófi.

Að frumkvæði Sjómannafélagsins Jötuns verður skipverjunum boðið viðtal við ráðgjafa frá SÁÁ í vikunni. Valmundur Valmundsson, formaður Jötuns, segir þá skipverja sem hann hafi rætt við hafa tekið þessu mjög vel. Hins vegar sé ekkert loforð frá Vinnslustöðinni í hendi.

„En ef menn bæta ráð sitt er fyrirtækið tilbúið að skoða málið,“ segir Valmundur. -gar

Sýknaður af ölvunarakstri: Var með fimm- falt leyfilegt magn í blóðinu

SVÍPJÓÐ Rúmlega sextugur maður sem var stöðvaður fyrir ölvunarakstur í Svíþjóð var sýknaður fyrir rétti þrátt fyrir að hafa mælt með fimm sinnum meira magn alkóhóls í blóðinu en leyfilegt er. Ástæðan fyrir sýknunni er að maðurinn hefur mikið áfengisþol.

Maðurinn sagði fyrir rétti að hann hefði drukkið mikið daginn sem hann var stöðvaður. Það gerði hann hins vegar á hverjum einasta degi. Þennan dag hefði hann auk hefðbundins magns drukkið jólaglög, sem hefði komið áfengismagninu svo langt yfir mörkin. Hann sagðist hafa talið að glöggji væri áfengislaust, en það hefði þó ekki haft áhrif á andlegt ástand hans. Á þetta féllst dómstóllinn. -peb

466 laxar á þremur á árum

Lax sem meðafli í uppsjávarveiðum í fyrrasumar var minni en árin á undan, samkvæmt rannsóknum Fiskistofu. Þetta er í samræmi við minnkandi laxgengd fyrrasumar sem kom skýrt fram í hrúni í laxveiði á stöng.

NÁTTÚRA Rannsóknir benda til að raunhæft sé að áætla að einn til tveir laxar veiðist við Ísland sem meðafli á hver þúsund tonn í uppsjávarveiðum á makríl og síld. Alls hafa 466 skilað sér til Fiskistofu á þriggja ára tímabili. Meiri lax veiddist sem meðafli árin 2010 og 2011 en sumarið 2012, sem er í samræmi við minnkandi smálaxagengd hér við land og í nágrennlöndunum.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í greinargerð Árna Ísakssonar og Sumarliða Óskarssonar, sérfræðinga á Fiskistofu, um meðafli á laxi í flotvörpuveiði. Þar er litið til dreifingar og uppruna laxa í hafinu umhverfis Ísland. Rannsóknin er hluti af fjölþjóðlegu verkefni, SALSEA, þar sem afkoma og afdrif laxa í sjó er rannsökuð, og hófst 2005.


Í greinargerðinni kemur fram að meðafli fyrir 2010 og 2011 voru sambærilegar eða að meðaltali 200 laxar hvort árið en meðafli sumarið 2012 var aðeins um 50 laxar, sem er um 25% af meðaltali árunna á undan.

Árni segir það kannski einna eftirtektarverðast að minnkandi heimtur úr uppsjávarveiðunum séu í svo góðu samræmi við minnkandi laxgengd í fyrrasumar, sem skýrt kom fram í hrúni í laxveiði á stöng. Tilgangurinn með verkefninu sé heilt yfir séð að fá sýni á laxi til rannsókna, en fram til þessa hafa vísindamenn að mestu þurft að geta sér til um laxgengd við landið. „Hér hafa fengist mikilvægar upplýsingar um dreifingu, og ekki síður uppruna þeirra laxa sem hafast við í lögsögunni,“ segir Árni. „Þá kemur í ljós að laxinn sem veiðist er að minnsta leyti af íslenskum uppruna.“

Fæðugöngur laxa í Norður-Atlantshafi og veiði árið 2010

Þessir punktar auðkenna hvar 200 laxar veiddust á árabílinu 2006-2010.

- 2006
- 2007
- 2008
- 2009
- 2010



LAX Í NORÐUR-ATLANTSHAFI Áralangar hugleiðingar um afföll íslenskra laxastofna vegna loðnu-, síldar- og makrílveiða við landið hafa reynst ástæðulausar. Lax sem veiðist hér við landið kemur frá Noregi, Bretlandi og Frakklandi.

HEIMILD/GÖGN SIGURDAR GUDJÓNSSONAR VEIÐIMÁLASTJÓRA

Veiðimálastofnun og MATÍS hafa lokið skoðun á uppruna þeirra laxa sem veiddust sem meðafli á árinu 2010. Eins og endurheimt merki gefa vísbendingu um, hefur komið í ljós að yfir 95% af laxinum er upprunninn í öðrum Evrópulöndum,

svo sem Noregi og Bretlandseyjum. Sýni frá árunum 2011-12 hafa einnig farið til Veiðimálastofnunar og MATÍS en niðurstöður varðandi líffræðilega þætti og uppruna þeirra laxa liggja enn ekki fyrir.

Stefnt er að því að Fiskistofa

haldi áfram sýnatöku úr flotvörpuveiði á árinu 2013, enda varpa rannsóknirnar ljósi á dreifingu og uppruna þeirra laxa sem dvelja á miðunum umhverfis landið í lengri eða skemmri tíma.

svavar@frettabladid.is

Nýr FORD KA á frábæru verði frá 1.890.000 kr.



Skiptu í ferskan, fíman, ferlega skynsaman Ford Ka á frábæru verði. Veldu sparneytinn borgarbil og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika. Komdu bara og prófaðu!

FORD KA

FRÁ
15.866 kr./mán.*



ford.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hó, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýringa CO₂ 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppþökubíl / útborgun að verðmæti 950.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,78%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

Þessa dagana færð þú ásamt 20.632 öðrum
tjónlausum og skilvísimum **viðskiptavinum í Stofni**
hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA
ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

Vantar þig aðstoð?
Hringdu og við aðstoðum þig
við að innleysa tékkann.
440 2000

SJÓVÁ

STOFN

Skaðaminnkunarstarf Frú Ragnheiðar:

Ómetanlegt starf sjálfboðaliða

Lengst af hefur einkum tíðkast tvenns konar nálgun á þeim vanda sem fíknisjúkdómar eru. Annars vegar að beita forvörnum með það að markmiði að leitast við að koma í veg fyrir fíknisjúkdóma hjá ungu fólki með fræðslu um sjúkdóminn og þann margháttaða vanda sem hann ber með sér. Hins vegar hefur nálgunin við þá sem eru virkir vímuefnaneytendur verið sú að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að fá þá til að snúa við blaðinu og hætta neyslu. Báðar þessar

nálganir eru sannarlega góðar og gildar og hafa borið gríðarlegan árangur.

Hins vegar fyrirfinnst hópur sem þessar nálganir ná ekki til. Þetta er hópurinn sem er í neyslu og getur ekki eða hyggst ekki hætta henni. Með því að nálgast þennan hóp með skaðaminnkun að leiðarljósi er þó unnt að draga



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

verulega úr þeim skaða sem fíkniefnaneytandinn veldur sjálfum sér og öðrum.

Sunna Valgerðardóttir blaðamaður slóst á dögnum í för með Frú Ragnheiði, sem er sjúkrabíll mannaður sjálfboðaliðum, gerður út af Rauða krossinum með það að markmiði að draga úr þeim skaða sem fíkniefni valda þeim sem þeirra neyta. Sú ferð, ásamt samtölum við marga aðila sem koma að málefnum fíkniefnaneytenda, liggur til grundvallar á úttekki Sunnu á stöðu sprautufikla á Íslandi sem birtist í helgarblaði Fréttablaðsins.

Þjónusta Frú Ragnheiðar felst meðal annars í nálaskiptum og leiðbeiningum um örugga sprautunotkun. Þetta er ómetanleg þjónusta og raunar eina yfirlýsta skaðaminnkunarþjónustan á Íslandi. Hún dregur úr líkum á sýkingum og smiti og hún dregur líka úr líkum á því að notaðar sprautur liggi á víðavangi þar sem til dæmis börn geta skaðað sig á þeim. Sjálfboðaliðarnir sem starfa við verkefnið nálgast fíkniefnaneytandann á jafnréttisgrunni og af þeirri virðingu sem fólk á skilið frá samborgurum sínum.

Þeir sem þekkja til fíkniefnavandans hafa bent á að hér á landi vanti neyslurými fyrir fíkniefnaneytendur; stað þar sem fólk getur komið og neytt fíkniefnanna við öruggar og hreinlegar aðstæður undir eftirliti fagfólks. Slík neyslurými eru fyrir hendi í flestum nágrannalöndum okkar.

Hugtakið skaðaminnkun er enn sem komið er ekki mikið notað innan heilbrigðiskerfisins. Frumkvæðið sem Rauði krossinn hefur tekið með Frú Ragnheiði mun þó vonandi leiða til þess að hugað verði í auknum mæli að skaðaminnkun bæði innan heilbrigðis- og velferðarkerfisins.

Þegar upp er staðið er ekki heldur fráleitt að skaðaminnkunarúrræði geti opnað einhverjum vímuefnaneytendum gátt inn í annað líf. Vímuefnaneytendur lifa iðulega mjög einangruðu lífi og umgangast fyrst og síðast fólk sem er í svipaðri stöðu og þeir. Með því að bjóða þeim skaðaminnkunarúrræði vikkar sá hópur sem þeir eiga samskipti við og þannig opnast þeim mögulega sýn inn í veröld þar sem ekki allt snýst um vímu.

Fyrst og fremst er skaðaminnkunin þó mikilvæg leið til þess að auka að einhverju marki lífsgæði vímuefnaneytenda.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stjórnmalaskýrandinn

Styrmir Gunnarsson er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að vélráðum stjórnmalanna. Um það vitnaði bók hans um Geir Hallgrímsson, sem kom út í fyrra. Styrmir skrifar grein á Evrópuvaktina þar sem hann nýtir þekkingu sína á klækjum stjórnmalanna til að komast að þeirri niðurstöðu að Ísland sé stjórnalaust. Hreyfingin muni ekki styðja ríkisstjórnina, þar sem stjórnin geti ekki lengur tryggt endurskoðun á stjórnarskránni. „Hún er í raun fallin. Fyrsta ómengaða vinstri stjórnin í lýðveldisögunni náði því ekki að sitja út heilt kjörtímabil eins og stjórnarflokkana dreymdi um.“

Farið fram úr sér

Um þessar bollalengingar Styrmis er það að segja að ríkisstjórnin hefur ekki haft meirihluta á Alþingi síðan Róbert Marshall gekk úr Samfylkingunni. Engu að síður hefur hún komið málum í gegnum þingið. Þangað til vantraust er samþykkt á hana þýðir því lítið að kalla eftir aðstoð forsetans til að koma stjórninni frá, eins og Styrmir gerir. Til þess þarf að leggja fram, og tryggja stuðning við, vantrauststillögu.

Að hafa áhrif

Fleiri stjórnmalaflokkar héldu fundi um helgina en Framsóknarflokkurinn, því Samstaða hélt landsfund sinn að Krúnnesi við Elliðavatn. Lilja Mósedóttir var kjörin formaður flokksins en samþykkt var að flokkurinn byði ekki fram til Alþingis. Þess í stað mun hann einbeita sér að því að hafa mótanáhrif á stjórnmalum umræðuna. Þetta verður að teljast nokkuð sérkennilegt viðhorf, því hvernig getur stjórnmalaflokkur betur haft áhrif á stjórnmalum umræðuna en með því að bjóða fram og taka þátt í þeirri umræðu?

kolbrunn@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Fiskbúðin Höfðabakka

Fiskbúð • Kjöttborð • Heitur matur í hádeginu

Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070

Fiskbollur
(Úr hakki – Mömmubollur)

1.490

kr/kg

Kjötfars

490

kr/kg

Úrvals saltkjöt,
blandað og valið.

Saltkjötið færðu hjá okkur – Allt í einni ferð.

Auður í almannabágu

JÖFNUÐUR



Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

Það er skynsamlegra að leggja áherslu á margar fjölbreyttar stöðir í þjóðarbúskapnum en stórar og einsleitar lausnir. Fjölbreytnin ein og sér dugir þó ekki til svo að öllum líði vel. Ekki vegur minna hvernig við skiptum gæðunum okkar á milli í samfélaginu, alveg sama hversu mikið er til skiptanna. Við þurfum ekki annað en að líta í kringum okkur til að sjá að þau samfélög þar sem gæðunum er skipt með réttlátari hætti búa við meiri velsæld. Jafnvel hörðustu hægrimmenn heimsins viðurkenna þá staðreynd að aukinn jöfnuður eykur velsæld í samfélögum.

Grunnstefna okkar Vinstri grænna er að auka jöfnuð og draga úr misskiptingu í samfélaginu. Á hana hefur flokkurinn lagt höfuðáherslu í ríkisstjórnarsamstarfi sínu við Samfylkinguna með góðum árangri. Við höfum komið á réttlátara skattkerfi sem hjálpar öllum að leggja sitt af mörkum til samfélagsins eftir bestu getu. Með auknum barnabótum höfum við bætt lífskjör tekjulágra barnafjölskylda og með nýjum áherslum í Lánasjóði íslenskra námsmanna höfum við aukið jafnrétti til náms svo fátt eitt sé nefnt. Við höfum beitt okkur fyrir að það fé sem rennur úr sameiginlegum sjóðum okkar til velferðar- og menntamála sé nýtt í almannabágu en ekki til

→ Við vinstri græn gerðum mála- miðlanir í ýmsum málum við Samfylkinguna. Við gerðum hins vegar engar málamiðlanir þegar kom að því grunnstefi vinstristefnunnar að auka velsæld fyrir alla með auknum jöfnuði.

að greiða einstaklingum arð. Við höfum séð til þess að samfélagið allt njóti betur ávaxtanna af sameiginlegum auðlindum okkar, m.a. með lögum um veiðigjöld, nýrri stefnu hjá Landsvirkjun og áherslu á opinbert eignarhald á orkufyrirtækjum. Með þessum aðgerðum höfum Vinstri græn stuðlað að auknum jöfnuði og tryggt að auður samfélagsins skili sér í auknum mæli til almennings en ekki útvaldra einstaklinga.

Ríkisstjórnarsamstarf tveggja eða fleiri flokka byggir á málamiðlunum. Við vinstri græn gerðum málamiðlanir í ýmsum málum við Samfylkinguna. Við gerðum hins vegar engar málamiðlanir þegar kom að því grunnstefi vinstristefnunnar að auka velsæld fyrir alla með auknum jöfnuði. Við munum halda áfram að berjast fyrir því að auður samfélagsins verði nýttur í almannabágu.

Hagræðingarhelvíti

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

rithöfundur



Um árabíl hefur verið litið á fram-
lög til heilbrigðismála sem vanda-
mál – útgjöld, tapað fé, fjárfestingu
sem engu skilar – hit. Stundum
er engu líkara en eimi eftir af
hreppsómaga-hugsunarhætti fyrri
alda hjá Íslendingum; að sjá eftir
því fé sem fer til þess að annast
„aumingja“, horfa þá í aurinn:
mætti ekki hafa fleiri á stofu?
Senda fleiri heim? Auka afköst?

Stjórnendur spítalanna biða eftir
stóru byggingunni sem kemur einn
góðan veðurdag og mun öllu breyta
og allt leysa. Á meðan sleppa þeir
því að láta gera við þökin þegar
þau leka en tala þeim mun meira
um hagræðingu. Þeir tala um
afköst og framleiðni eins og alvöru
stjórnendur í alvöru rekstri og eins
og sjúklingarnir séu þúsund þorsk-
ar [sem] á færbandinu þokast
nær. Og við heyrum sögur. Þetta

eru sögur af fárveikum krabba-
meinsjúklingum húkandi á yfir-
fullri bráðamóttöku innan um börn
með meiddi og dópista í fráhrarfi.
Sögur af fólki sem sent var út á
guð og gaddinn. Sögur af sprungnu
kerfi. Sögur af ómennsku álagi.
Sögur af hagræðingu á réttlætinu.

Og á meðan er beðið eftir stóru
byggingunni sem allt á að leysa
og á að reisa fyrir féð sem hvarf
einhvern veginn í skiptum fyrir
ekkert í einhverri óskiljanlegri
afskriftagerningahríðinni.

Eins og í stríðhrjáðu landi

Íslendingar eru ein ríkasta þjóð í
heimi en okkur ætlar að reynast
um megn að halda sómasamlega
úti þjóðarspítala. Íslendingar
eiga frábært fólk í heilbrigðis-
þjónustunni, vel menntað, flinkt og
umhyggjusamt en okkur ætlar að
reynst um megn að búa því sóma-
samleg kjör. Þetta er ekki Jóhönnu
að kenna, Steingrími, Guðbjarti,
Ólafi Ragnari eða krónunni. Þetta
er ekki Framsókn að kenna, Jóni
Ásgeiri eða Evrópusambandinu
– við getum ekki einu sinni kennt
Davíð Oddssyni um þetta.

En þetta vitnar um hugsunar-

hátt. Þetta sýnir forgangsroð.
Skyldi vera til sá stjórnmálamaður
síðustu áratuga sem stungið hefur
upp á að framlög til heilbrigðis-
mála yrðu aukin? Niðurskurðurinn
hefur smám saman orðið sjálf-
sagður á meðan við bíðum eftir
stóru byggingunni, næstum eins
og lífsstíll. Ekki þarf annað en að
skoða götur, hús og farkosti hér á
landi til að sjá auðinn sem flýtur
um samfélagið. Við mokum upp
verðmætum úr hafinu og brot af
því sem þau gefa af sér dygði til
að reka hér góða spítala með kátu
starfsfólki. En flokkarnir sem
meirihluti landsmanna styður að
sögn vilja heldur að allur arður-
inn fari á aflandsreikninga nokk-
urra ætta sem fengu óveiddan
fiskinn gefins og sjá ekki sóma
sinn í því að greiða af því eðli-
legan skatt til samfélagsins heldur
láta samfélagið greiða sér ómælda
fjármuni í formi afskrifta. Hér
vantar sáttmála og þegnskap.

Um árabíl hefur það verið talin
höfuðdyggð fjármálaráðherra að
sýna dugnað, hugkvæmni og mis-
kunnarleysi við að skera niður
„útgjöld“ til heilbrigðismála. Hægt
og rólega, og án þess að við gæfum

því gaum, voru þau skorin niður
við almenna velþóknun þangað til
ástandið á spítölunum er skyndi-
lega orðið eins og í stríðshrjáðu
landi.

Hagræðingin

Spítali er ekki verksmiðja. Sjúk-
lingar eru ekki framleiðsluvörur á
færbandi til að setja roðlausa og
beinlausa í neytendapakkingar.
Hagkvæmni er ekki markmið í
sjálfu sér. Orðið „hagræðing“ má
ekki vera helsta leiðarljós í heil-
brigðiskerfinu, nema þá í þeirri
merkingu að hagræða fólki í rúm-
inu þannig að betur fari um það.

Við þurfum að spurja alla fram-
bjóðendur fyrir komandi kosning-
ar mikilvægustu spurningarinnar:
Hvernig ætlið þið að endurreisa
heilbrigðiskerfið á Íslandi? Hér
þarf breyttan hugsunarhátt í sam-
taki, og eins og dæmin sanna þarf
sú hugarfarsbreyting að hefjast í
sjálfu þjóðardjúpinu. Almennigur
þarf að gera stjórnmálamönnum
ljóst að þjóðin ætlist til þess að
hér sé ekki bara skorið niður, lagt
niður, hagrætt og dregið saman
heldur líka byggt upp – og þá er
ekki verið að tala um steinsteypu

Sjúklingar eru ekki
framleiðsluvörur á
færbandi.

sem er það fyrsta sem stjórnmál-
málamönnum dettur yfirleitt í
hug þegar kemur að framlögum
til nauðsynjamála, heldur bein og
vöðva og sálir.

Fólk sem við kjósum til að fara
með landstjórnina hverju sinni
þarf að sjá til þess að aldrei komi
upp staða eins og nú blasir við:
neyðarástand, taugastríð fólks
sem öðru fremur þarf á vinnu-
friði að halda. Sjálfsagt þurfa allir
hlutaðeigandi að slá af kröfum
sínunum og mætast á miðri leið,
þannig er það í kjaradeilum. En
þetta er ekki venjuleg kjaradeila
heldur einhvers konar endastöð
þeirrar stefnu sem rekin hefur
verið gagnvart Landspítalanum
áratugum saman. Við þurfum
nýjan sáttmála, nýjan þegnskap.
Við hljótum að eiga heimtingu á
því að nú linni því ástandi innan
Landspítalans að helst minnir á
stríðshrjáðar þjóðir. Óskandi væri
að honum verði breytt úr ríkjandi
hagræðingarhelvíti og í stofnun
þar sem er krefjandi og spennandi,
gott og skemmtilegt að starfa þjóð-
inni til heilla.

Þvertrúarleg sáttavika

Japanskir hrís-
grjónaréttir,
súrt slátur,
rúllupylsa og
rófustappa,
ostakökur,
franskar bókur
og fleira fínerí
var á borðum
í húsnæði

TRÚMÁL



María
Ágústadóttir
verkefnisstjóri á
Biskupsstofu

Bahá'ía á Öldu-
götunni í nýlið-
inni viku. Þar
var samankom-
inn góður hópur fólks frá fjöl-
breyttum bakgrunni í tilefni
af Alþjóðlegri sáttaviku trúar-
bragða. Fólk af persneskum upp-
runa, jórdönskum, japönskum,
frönskum, þýskum, breskum,
írskum, kanadískum og íslensk-
um ættum snæddi saman og
kynnti sig hvert fyrir öðru, ekki
síst út frá trúar- og lífsskoðun.
Óhætt er að segja að sátt og
gleði hafi einkennt þennan hóp
fulltrúa ólíkra trúarbragða á
Íslandi.

Hér á landi hefur verið starf-
andi Samráðsvettvangur trú-
félaga og lífsskoðunarfélaga um
trúarleg efni frá því í nóvember
2006. Sextán félög stóðu að
stofnun vettvangsins og fleiri
hafa bæst í hópinn síðan. Mark-
mið samráðsvettvangsins er að
„stuðla að umburðarlyndi og
virðingu milli fólks með ólík
lífsviðhorf og af ólíkum trúar-
hópum og trúarbrögðum og
standa vörð um trúfrelsi og
önnur mannréttindi“ (úr Stefnu-
yfirlýsingu samráðsvettvangs
trúfélaga frá 2006). Sótt hefur
verið um styrk til innanríkis-
ráðuneytisins til að halda mál-
þing um mannréttindi og trú-
frelsi á þessu ári en áður hafa
verið haldin mörg slík þing, m.a.
um trúarlegt húsnæði, trú og
fordóma og atferli við andlát.

Alþjóðleg vika um sátt milli
trúarbragða, World Interfaith
Harmony Week, var nú haldin í
þriðja sinn að frumkvæði Sam-
einuðu þjóðanna. Við stofnun
hennar var lagt til grundvallar
að gagnkvæmur skilningur
og samtala milli trúarbragða
væri mikilvægur liður í friðar-
menningu og eflingu sáttu og
samstarfs milli fólks, óháð
trúararfstöðu. Sameinuðu þjóð-
irnar hvetja öll aðildarríki til
að styðja við boðun sem miðar
að velvild og sáttargjörð á milli
trúarbragða í kirkjum, moskum,
samkunduhúsum, musterum og
öðrum tilbeidslustöðum í sam-
ræmi við hefðir og sannfæringu
á hverjum stað.



FYRIR ELDRI BORGARA

Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi

Að Boðarþingi 22 Kópavogi er nú hafin úthlutun á tveggja og þriggja herbergja leiguíbúðum. Þar er unnið að lokafrágangi á öðrum áfanga og eru verklok í apríl 2013. Frá íbúðunum

er innangengt að hjúkrunarheimili DAS og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara þar sem meðal annars er dagvistun, mótuneyti, sundlaug, sjúkrapjálfun og önnur fjölbreytt þjónusta.

Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Stórar flísalagðar og yfirbyggðar svalir
- Innangengt í þjónustumiðstöðina Boðann
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Dagvistun
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Þúttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Góð bílastæði

Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Allar nánari upplýsingar fást í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.

Lausar leiguíbúðir við Hraunvang

Við Hrafnistu í Hafnarfirði eru örfáar tveggja- og þriggja herbergja glæsilegar og rúmgóðar þjónustuíbúðir lausar. Þær eru við Hraunvang 1 og 3 og er innangengt úr íbúðunum í bílakjallara og þjónustukjarna Hrafnistu. Þar er meðal annars mótuneyti, sundlaug, sjúkrapjálfun og önnur fjölbreytt þjónusta.

Konur klæðumst rauðu – fyrir þig og þína nánustu

Átt þú móður, systur eða vinkonu sem hefur fengið hjartaáfall eða heilaslag – eða hefur þú sjálf jafnvel lent í þeirri lífsreynslu? Eða hugsar þú eins og margar konur og allt of margir heilbrigðisstarfsmenn, að hjarta- og æðasjúkdómur séu eitthvað sem margir karlar fá, en bara einstaka konur? Það er rétt að framan af ævinni fá hlutfallslega færri konur en karlar hjartaáfall. Eigi

HEILBRIGÐIS- MÁL



Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir lækni, sérgrein hjartalækningar

ad síður eru hjarta- og æðasjúkdómur af einhverju tagi algengasta dánarsök kvenna jafnt sem karla hér á landi líkt og í Evrópu. Nú má halda því fram að það liggi fyrir okkur öllum að deyja og gildi þá einu úr hverju. Í þeirri umræðu má ekki gleymast að fjöldi kvenna og karla lifa í mörg ár með skerta starfsorku og lífsgæði vegna hjartasjúkdóms eða heilaslags og er því til mikils að vinna að fyrirbyggja þessa sjúkdóma.

GoRed For Women átakið er alheimsáttak á vegum World Heart Federation (<http://www.world-heart-federation.org>), sem starf-

rækt hefur verið frá árinu 2004 í Bandaríkjunum og fjölda Evrópulanda. Hvatinn að baki átakansins er einfaldur. Fjöldinn allur af konum deyr af völdum hjartasjúkdóma og heilaáfalla en það er eins og konur geri sér litla grein fyrir áhættu eða einkennum sjúkdómanna. Átakinu er ætlað að vekja konur af dvalanum, fá þær til að átta sig á hverjir áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma eru og gera eitthvað í málunum. Ennfremur að kenna konum að þekkja einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og fá þær til að leita sér lækninga ef ástæða er til. Á Íslandi eru það Hjartavernd, Hjartaheill, Heilaheill og fagdeild hjartahjúkrunarfræðinga sem starfa saman að verkefnum. Að auki koma fleiri fagaðilar að atakinu sem nú er haldið er í fimmta sinn á Íslandi um miðjan febrúar.

Það vill reyndar svo vel til að Ísland tilheyrir þeim löndum þar sem tíðni hjarta- og æðasjúkdóma hefur farið lakkandi tengt því að staða áhættuþátta hefur batnað

verulega á síðustu áratugum. Má þar nefna minni reykingar, lækkandi kólesteról og blóðþrýsting, aukna hreyfingu og neyslu grænmetis og ávaxta. Á móti kemur að offita og sykursýki er vaxandi vandamál sem vinna gegn þessari jákvæðu þróun áhættuþátta. Þetta sýnir að stefnumörkun yfirvalda, breytingar á samfélagi og venjum ásamt forvörnum hafa mikil áhrif á tilurð þessara sjúkdóma. Einstaklingurinn sjálfur getur haft veruleg áhrif á flesta áhættuþætti fyrir utan aldur og erfðir, enda velur maður ekki foreldra sína.

Þekki „tölurnar“ sínar

En hvaða konur eru það sem fá hjartasjúkdóm eða heilaslag? Svarið við þessari spurningu er að allar konur geta lent í þessu, en konur eru ekki allar í jafn mikilli áhættu og því ættu konur að þekkja „tölurnar sínar“. Yngri konur með enga áhættuþætti eru t.d. ekki líklegar til að fá kransæðastíflu, en eftir því sem áhættuþættir eru fleiri margfaldast áhættan. Rannsóknir hafa sýnt að konur sem reykja fjórfalda líkurnar á hjarta- og heilaáfalli og að á Íslandi reykja

fleiri konur en karlar. Konur sem fá háþrýsting eða sykursýki á meðgöngu eru í sérstökum áhættuhópi fyrir hjarta- og heilaáfall og ættu að vera vel vakandi gagnvart öðrum áhættuþáttum. Háþrýstingur er sterkasti áhættuþáttur hjartabilunar og heilaslags hjá konum og því ástæða til að fylgjast vel með blóðþrýstingnum.

Allar konur sem komnar eru á miðjan aldur og yngri konur með ættarsögu ættu því að þekkja „tölurnar sínar“ og jafnframt að takast á við þær. Ein aðferð til að sjá hvort maður er í aukinni áhættu er að fara inn á áhættureikni Hjarta-verndar (www.hjarta.is), fylla inn tölurnar, skoða útkomuna og sjá hvort sérstök ástæða sé til að taka á málunum. Oft geta einfaldir hlutir eins og aukin dagleg hreyfing og neysla ávaxta og grænmetis haft jákvæð áhrif á áhættuþætti og líðan.

En hver eru þá einkennin sem okkur ber að þekkja? Verkur fyrir brjósti, þyngslu eða óeðlileg mæði geta verið einkenni hjartasjúkdóms. Verkurinn getur verið margvíslegur, og leiðir stundum út í handlegg, aftur í bak, upp í

→ Verkurinn getur verið margvíslegur, og leiðir stundum út í handlegg, aftur í bak, upp í háls eða niður í maga.

háls eða niður í maga. Þessu fylgir jafnvel ógleði, hjartsláttarótt eða kaldsviti. Einkenni kvenna, einkum þeirra sem eru eldri eða með sykursýki eru oft óljósari og konur bíða almennt lengur en karlar með að fara á bráðamóttöku vegna hjartaáfalls. Einkenni heilaslags eru margvísleg en þar má nefna skyndilega truflun á tali, skyni, hreyfigetu eða jafnvægi, eða skyndilegan höfuðverk með ógleði. Við slík einkenni ber að sjálfsögðu að leita aðstoðar strax.

Við konur ættum að sameinast um að þekkja til áhættuþátta okkar og veita hver annarri stuðning við að takast á við þá. Þann 14. febrúar gefst einnig tækifæri til taka fram rauða kjólinn, buxurnar, bolinn eða einhverja aðra rauða flík og njóta fræðslu og skemmtunar innan um aðrar konur í Kringlunni. GoRed á Íslandi – fyrir konur.

HVAÐA GAGN GERA FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK?

PRI. 12. FEBRÚAR
KL. 12:15-13:45
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK,
SAL M101

FRÍR AÐGANGUR
OG ALLIR VELKOMNIR

Fræðasetur þriðja geirans
við Háskóla Íslands

Almannaheill - regnhlífarsamtök frjálsra félagasamtaka, vinna að sameiginlegum hagsmunum þeirra og stuðla að vönduðu starfi. Ragna Árnadóttir formaður segir frá gerð lagafrumvarps um um þau, að tilvist þeirra verði viðurkennd og framlag til íslensks samfélags metið á sýnilegan hátt.

ERINDI OG UMRÆÐUR

Áhrif félagsstarfs á heilsufar
Una María Óskarsdóttir MA í lýðheilsufræðum

Þáttur frjálsra félagasamtaka í lýðræði
Björn Þorsteinsson doktor í heimspeki og sérfræðingur við Heimspekistofnun Háskóla Íslands

Hvert er framlag frjálsra félagasamtaka?
Ketill B. Magnússon framkvæmdastjóri Festu - miðstöðvar um samfélagsábyrgð

Umhverfismál á kosningavetri

Við Íslendingar erum oft ragir við að viðurkenna þekkingarleysi okkar á ákveðnum sviðum. Það er eins og mörgum finnist það vera algerlega ótækt að geta ekki tjáð sig eins og sérfræðingur um allt frá Aðalnámsskrá til Rammaáætlunar. Að mínu mati er það enginn glæpur að segjast ekki þekkja málaflokk nóg vel til að gefa út glannalegar yfirlýsingar. Umræðan í fjölmiðlum og stjórnmálum á Íslandi byggist því oft á alhæfingum, einföldunum og upphrópunum. Hér eru nokkrar upphrópanir sem eru að mínu mati oft settar fram með villandi hætti.

UMHVERFIS- MÁL



Sigurður Ingi Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs

→ Enginn spyr „hvað er stóriðja?“ Er stóriðja einungis skilgreind út frá orkunotkun? Eru allir sáttir við stóriðju sem er pláss- og úrgangsfrek ef ekki þarf að virkja fyrir hana?

að íslensk orka er seld til stóriðju er einfaldlega sú að við eigum umframorkuauðlindir en erum jafnframt í lokuðu raforkukerfi og getum ekki selt umframframleiðslu á stærri raforkumarkað. Staðan er því afar einföld, þ.e. að EF við ákveðnum að virkja eru einu mögulegu kaupendurnir ný fyrirtæki sem nota orkuna við framleiðslu sína. Í lokuðu raforkukerfi er eina leiðin til að gera stærri virkjanaframkvæmdir raunhæfar að fyrirframselja orku til kaupenda. Það vill svo til að mögulegt er að selja orku hér á landi á samkeppnishæfu verði en flest annað, eins og flutningur efnis, laun o.s.frv. er oft á tíðum alls ekki eins hagstætt hér á landi.

Því stærri hluti sem orkukaup eru í rekstrarkostnaði fyrirtækis, þeim mun álitlegri er framleiðsla á Íslandi. Fjöldi álvera á Íslandi er af mörgum talinn bera vott um hugmyndaleysi eða áratú ráðamanna. Líklegri skýring er sú að óvída er hlutfall orku í rekstrarkostnaði herra en einmitt í áliðnaði og því er Ísland álitlegur kostur fyrir álfyrirtæki, flóknara er það ekki.

Einföldunin verst

Verst er þó einföldunin í umhverfismálum. Það er afar þægilegt að vera umhverfsvænn á Íslandi, það eina sem þú þarft að gera er að vera á móti virkjunum og stóriðju, sama hvað það þýðir. Það er að mínu mati magnað að mál eins og úrgangur, endurvinnsla, orkunýtni, frárennsli, útblástur, sorp, þungmálmar, áburðarotkun, eitrefni, olíuknúnar fiskveiðar og samgöngur eru nánast aldrei til umræðu þegar umhverfismál eru rædd á vettvangi stjórnmála. Spyr einhver um stefnu flokkanna í þessum málum? Nei, höldum endilega áfram að nota allan tímann til að rifast um hvort virkja eigi endurnýjanlega orku eða ekki.

Höfum val

Andstæðingar virkjana þurfa oft að sitja undir þeim ásökunum að þeir séu á móti rafmagni og boði bara myrkur og kulda með skoðunum sínum. Þetta er alrangt enda er staðreyndin sú að Ísland er í þeirri öfundsverðu stöðu að eiga feikinóg af grænni raforku. Þó að okkur muni fjölga umtalsvert og allir verði á rafbilum er og verður nóg til af raforku handa öllum.

Allar stórvirkjanir sem risið hafa undanfarin ár hafa verið fyrir sérstaka stórnotendur, en almenn notkun (öll heimili, opinbert húsnæði og fyrirtæki utan stóriðju) dekkar einungis um 20% af heildarraforkunotkun landsins. Við höfum því val um hvort virkja skuli eður ei en flestar aðrar þjóðir þurfa hins vegar bráðnaðsynlega að virkja endurnýjanlega orkujafa til að draga úr hlutfalli jarðefnaeldsneytis í raforkukerfi sínu.

„Stóriðja og álverssinnar!“

Alhæfingar ná enn hærri hæðum þegar stóriðju ber á góma. Það hentar vel íslenskri alhæfingarumræðuhefð að flokka þetta allt saman í einn pakka. Í mínum huga er synd að hið opna orð „stóriðja“ hafi án frekari skilgreiningar fengið neikvæðan stimpil. Enginn spyr „hvað er stóriðja?“ Er stóriðja einungis skilgreind út frá orkunotkun? Eru allir sáttir við stóriðju sem er pláss- og úrgangsfrek ef ekki þarf að virkja fyrir hana? Er álver stóriðja en ekki risavaxin tómatarækt eða gagnaver? Ástæðan fyrir því

BORGARAFUNDUR

um heimilin, lýðræði og velferð

„Þið eruð þjóðin“

Dögun, stjórnmalasamtök um réttlæti, sanngírni og lýðræði boða til borgarafundar í lðnó á mánudaginn 11. febrúar kl. 20.

Talsmenn félagasamtaka leggja línurnar gagnvart stjórnmalunum með framsögum um áherslur þeirra og hvað betur mætti fara varðandi samvinnu við stjórnvöld.

Dögun telur að stjórnmaláöfl eigi að nýta krafta og hugmyndir fólksins í landinu til að hjálpa til við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Dögun býður almennum borgurum á fundinn ásamt fulltrúum allra stjórnmaláafla.

Framsögur fundarins eru:

Hagsmunasamtök heimilanna
Stríðið gegn heimilunum:
Ólafur Garðarsson, formaður HH

Lýðræðisfélagið Alda
Sjálfbærni og lýðræði: Kristinn Már Ársælsson, liðsmaður Öldu

Öryrkjabandalag Íslands
Áherslur Öryrkjabandalagsins:
Guðmundur Magnússon, formaður ÖBÍ



Kerfisbundinn misskilningur Gylfa Magnússonar

Síðan Gylfi Magnússon dósent steig inn í stjórnmalin hefur hann sagt og gert ýmislegt sem orkar tvímælís. Með því að lesa greinar og tilvitnanir í þennan fyrri-verandi ráðherra viðskipta- og efnahagsmála kemur í ljós að í mati hans á skuldum og byrði þeirra hefur hann kerfisbundið rangt fyrir sér.

FJÁRMÁL



Heiðar Már Guðjónsson hagfræðingur

Gylfi vill þar ekkert aðhafast. Enda hefur hann marglýst því yfir að skuldir sem stofnað var til fyrir hrun skuli greiða, með góðu eða illu.

Þetta viðmót Gylfa hefur það í för með sér að búið er að hækka gjöld til almennings gríðarlega á síðustu árum og kjör allra landsmanna þurfa að líða fyrir ósjálfbæra gjaldeyris-söfnun OR á markaði, sem lækkar gengi krónunnar og eykur verðbólgu landsins. Rit Seðlabanka Íslands, um fjármálastöðugleika

frá því í október, fer sérstaklega yfir ósjálfbæra skuldastöðu OR.

Um erlenda skuldastöðu

Þriðjudaginn 5. febrúar 2013 ræddi Gylfi Magnússon um erlenda skuldastöðu þjóðarinnar í viðtali við RÚV: „Hún er að vísu neikvæð en hún er litlu verri núna en hún var fyrir rúmum áratug.“ Og bætti svo við: „Við erum í þeirri stöðu að við gætum líklega, miðað við þann afgang sem hefur verið á viðskiptajöfnuði undanfarin ár og hagvöxt, þá gætum við greitt þetta upp á innan við 20 árum.“ Þessu hélt Gylfi líka fram í apríl 2011 þegar hann

var að hvetja landsmenn til að segja já við IceSave.

Þessar fullyrðingar Gylfa standast enga skoðun. Fyrir það fyrsta er skuldastaða þjóðarinnar við útlönd um 1600 milljarðar króna, eða um 100% af þjóðarframleiðslu eða meira en helmingi verri en dósentinn heldur fram. Eins er ekki afgangur af viðskiptum við útlönd, heldur halli.

Gylfi hefur á þessu falska mati sínu haldið því fram að nauðasamninga við föllnu bankanna eigi að klára, en stórslysi var forðað síðasta haust þegar komið var í veg fyrir undirritun þeirra.

→ **Þetta viðmót Gylfa hefur það í för með sér að búið er að hækka gjöld til almennings gríðarlega á síðustu árum...**

Mál að linni

Eftir hrun gjaldmiðilsins og bankanna höfðu sumir á orði að þátttaka háskólanna hefði ekki verið næg í að halda hinu rétta til haga. Þau mál sem rakin eru hér að ofan þurfa ekki endilega að afsanna þá kenningu. En þau sýna það að mat Gylfa Magnússonar er ekkert til að byggja á.

Um IceSave

Gylfi hélt því fram í júní 2009, eftir að svokallaðir Svavarssamningar höfðu komið fram, að Ísland yrði „Kúba norðursins“ ef samningar yrðu ekki undirritaðir. Hann sagði að Íslendingar myndu mála sig út í horn og aldrei fá lán alþjóðlega nema gengið yrði frá samningi, þá og þegar.

Síðan þess hefur ríkissjóður sótt sér lán alþjóðlega, fyrst einn milljarð dollara árið 2011 og aftur sömu fjárhæð árið 2012, þrátt fyrir að IceSave væri enn ófrágent. Eins hefur komið í ljós, eins og haldið var fram strax árið 2009, að kröfur Breta og Hollendinga voru án lagastofna og að samningurinn sem Gylfi vildi samþykkja hefði væntanlega valdið greiðslufalli ríkisins.

Um SpKef og Byr

Í apríl 2010 er haft eftir Gylfa: „Ef ríkið leggur þessum sparissjóðum til enn meira fé, og þá eru menn frekar að horfa til Sparissjóðsins í Keflavík, yrði það eiginfjárframlag sem ríkið ætti og gæti selt, þannig að það væri ekki tapað fé. Við teljum að það muni ekki reyna á útgjöld ríkisins vegna innistæðutrygginga þannig að þetta er bara spurning um að leggja til eigið fé í upphafi og fá það aftur síðar.“

Ríkið endar svo á því að tapa á þessum tveimur aðgerðum um 50 milljörðum króna.

Um Landsbanka Íslands

Gylfi Magnússon hafði það verk með höndum að endurreisa Landsbankann sem ríkisbanka. Í þeim samningum við erlenda lánardrottina var ákveðið að endurgreiðslur til þeirra myndu hefjast árið 2011 af miklum krafti, enda væri þá kominn góður aðgangur að lánamörkuðum hjá bankanum. Eins ákvað Gylfi að taka ekki sérstaklega út þá áhættu sem var af gengsibundnum lánum bankans, heldur lét ríkið taka það eignasafn yfir, sem síðan rýrnaði stórkostlega þegar dómar féllu um ólögsmæti lánanna. Þetta gerði hann þrátt fyrir að hafa fengið lögfræðiálit sent úr Seðlabankanum, unnið af Lex, um ólögsmæti lánanna.

Þegar Hæstiréttur dæmdi gengislánin ólögsmæt í júní 2010 sagði Gylfi að það væri „Óásættanlegt að hluti Íslendinga fái lán á vildarkjörum“. Kostnaðurinn féll að fullu á kröfuhafa gömlu bankanna, nema í tilfalli Landsbankans þar sem Gylfi hafði látið ríkið taka yfir lánin.

Síðast er það að fréttu af Landsbankanum að æðsta yfirvald peningamála á Íslandi, Seðlabanki Íslands, lýsti áhyggjum í riti sínu um fjármálastöðugleika sem kom út í október 2012 að bankinn gæti greitt af erlendu skuldabréfi sínu við gamla Landsbankann og áhrif þeirra greiðslna á gengi íslensku krónunnar. Landsbankinn hefði ekki þann gjaldeyri sem þyrfti til að standa skil á lánum sínum og það hlýtur að vekja spurningar um gjaldfærni þjóðarbankans. Slíkur dómur um fjármálaframtíki hefur ekki sést áður hér á landi og furðulegt að FME og stjórn bankans skuli ekki bregðast við honum.

Um Orkuveitu Reykjavíkur

Gylfi situr fyrir hönd Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Það fyrirtæki skuldar meira en 20 sinnum erlendar tekjur sínar til alþjóðlegra kröfuhafa. Til að setja hlutina í samhengi þá er það 5 sinnum meira en eðlilegt og sjálfbært getur talist. Í ljósi undangenginna atburða þyrfti að endursemja við erlenda kröfuhafa en



Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form

Við höfum sett saman nýtt æfingakerfi byggt á kerfi sem hefur slegið rækilega í gegn í New York. Það sameinar margar ólíkar styrktaræfingar sem móta og tóna vöðva líkamans á áhrifaríkan hátt.

Æfingarnar eru rólegar, krefjandi og gerðar til að breyta línun líkamans á kerfisbundinn hátt. Áhersla er lögð á þægilega tónlist.

5 stjörnu FIT

Innifalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Leiðbeiningar um mataræði sem er sérstaklega samsett til að tryggja þátttakendum 5 stjörnu árangur
- Hvatning, fróðleikur og hollar og góðar uppskriftir frá Ágústu Johnson
- Mælingar og vigtun fyrir og eftir fyrir þær sem vilja
- Dekurvöld í Blue Lagoon spa
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- 10% afsláttur af öllum meðferðum í Blue Lagoon spa

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

Náðu 5 stjörnu formi

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

FREYJU NORÐDAHL
Reykjaborg, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir góða umönnun og einstaka hlýju.

Guðbjörg Þórðardóttir
Kjartan Þórðarson **Sigrún Ragna Sveinsdóttir**
barnabörn og langömmubörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGVELDUR BJARNADÓTTIR THORODDSEN

lést á Hrafnistu mánudaginn 4. febrúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju, þriðjudaginn 12. febrúar kl. 15.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Ásta Steinunn Thoroddsen **Bolli Héðinsson**
Gígja Guðfinna Thoroddsen **Sigurbjörg Sverrisdóttir**
Ólafur Thoroddsen **Arna Hauksdóttir**
Einar Gunnar Guðmundsson **Inga Rún Sigurðardóttir**
Sverrir Bollason **Ásrún Magnúsdóttir**
Atli Bollason
Brynhildur Bolladóttir
Ólöf Jónína Thoroddsen
Hrafnildur Thoroddsen
og barnabarnabörn.



+

Elskulegur eiginmaður minn, sonur, tengdasonur og bróðir,

EGILL ARNARSON SCHEVING
félagsráðgjafi-MSW,
búsettur í Ástralíu,

lést 23. janúar síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði miðvikudaginn 13. febrúar kl. 13.30.

Laufey Þórðardóttir
Örn Scheving
Sigrún Margrét Sigmarisdóttir
Þórður Kr. Jóhannsson **Steinunn Þorsteinsdóttir**
systkini og fjölskyldur þeirra.



+

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

SVANHILDUR JÓNSDÓTTIR
Kristnibraut 2
Reykjavík

lést þriðjudaginn 5. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Guðriðarkirkju föstudaginn 15. febrúar kl.13.00.

Bjarni Þórarinnsson **Jóhanna Björnsdóttir**
Jón Rúnar Bjarnason **Birgir Kristmannsson**
Anna Bjarnadóttir **Mary Björk Sigurðardóttir**
Þórarinn Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær eiginmaður minn, bróðir og frændi,

SIGURÐUR ÞÓRÐARSON
Grandavegi 11,
áður Fossagötu 14, Reykjavík,

lést á Dvalarheimilinu Grund mánudaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 13. febrúar kl. 15.00.

Þóra Gísladóttir
Helga Þórðardóttir
og aðrir vandamenn.



Ulfararstofa
SVAFARS & HERMANNS

Virðing Reynska & Þjónusta
Allan sólarhringinn

671 8222 - 820 1939 SVAFAR - 820 3918 HERMANN




VEKJA ATHYGLI Á TÁKNMÁLINU Rannveig segir íslenska táknmálið jafn rétthátt raddmálinu íslensku og markmið dagsins sé að vekja athygli á því.

Íslenskt táknmál er einstakt í heiminum

Dagur íslenska táknmálsins er haldinn í fyrsta sinn í dag. Haldið verður málþing í HÍ, nýtt smáforrit kynnt og deginum lýkur með Þöglu kvöldi á Íslenska barnum.

Forsagan er sú að í júní 2011 staðfesti Alþingi lög um að íslenska táknmálið væri fyrsta mál heyrnarlausegra á Íslandi og jafnréttihátt og íslenska. Í framhaldi af því var stofnuð málnefnd íslenska táknmálsins, sem gerði það að tillögu sinni að þessi dagur, 11. febrúar sem er stofndagur Félags heyrnarlausegra, yrði dagur verðis íslenska táknmálsins, alveg eins og við eigum Dag íslenskrar tungu. Ríkisstjórnin samþykkti það og nú er komið að því að halda hann í fyrsta sinn,“ segir Rannveig Sverrisdóttir, lektor í táknmálsfræði við HÍ, beðin að gera grein fyrir tilurð dagsins. „Svo er meiningin að þessi dagur verði haldinn hátíðlegur ár hvert hér eftir.“

Hvað ætlið þið að gera í tilefni dagsins? „Rannsóknarstofa í táknmálsfræðum og málnefnd íslenska táknmálsins halda málþing hérna í Háskólanum þar sem verða fjórir fyrirlestrar og skemmtiatriði, en dagskrá þess má nálgast á heimasíðu Háskólans á slóðinni hi.is/vidburdir. Auk þess mun Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra heimsækja bæði leikskólann Sólborg

og Hlíðaskóla þar sem eru táknmáls-kennsla og táknmálssvið.

Klukkan eitt verður svo kynnt íslenskt smáforrit sem heitir Táknmálsorðabók í símann þinn. Samskiptamiðstöð heyrnarlausegra og heyrnarskertra hefur verið að þróa þekkingarbrunn fyrir íslenskt táknmál, signwiki.is, sem er svona nokkurs konar orðabók og þetta smáforrit er útgáfa af því fyrir snjallsíma. Í kvöld stendur svo Félag heyrnarlausegra fyrir Þöglu kvöldi á Íslenska barnum og þangað eru allir velkomnir sem vilja prófa að tala táknmál, eina skilyrðið er að ekki verði talað raddmál.“

Hvert er markmiðið með deginum? „Það er tvenns konar. Annars vegar að fagna lögleiðingu táknmálsins og hins vegar að vekja athygli á því að þetta er íslenskt mál. Við hvetjum því kennara og alla skóla til þess að nota daginn til þess að vekja athygli á málinu. Inni á signwiki.is eru kennsluleiðbeiningar og þar er líka búið að þýða lag eftir Ásgeir Trausta yfir á táknmál svo dæmi séu tekin. Markmiðið er að vekja alla, ekki síst börn, til vitundar um þetta mál.“

Hvað eru það margir Íslendingar sem eiga táknmál að móður máli? „Við tölum um rúmlega tvö hundruð manns, sem er ekkert mjög stór hópur. En íslenskt táknmál er einstakt, þannig að þetta er eini staðurinn í heiminum þar sem það er talað.“

Hvers vegna er það? Hvers vegna er ekki samræmt táknmál alls staðar? „Tungumál eru þess eðlis að þau þróast og breytast í samfélögum og þegar samfélög eru einangruð þróast tungumálin á ólíkan hátt. Táknmál eru sjálfsprottin, náttúrleg mál sem verða til á hverjum stað og það er sagt að þar sem tveir heyrnarlauseir komi saman verði til nýtt mál. Þetta er ekki búið til af einhverjum, þetta sprettur upp sjálft. Menningin á hverjum stað spilar líka inn í. Það er verið að tala um ólíka hluti og hlutir eru túlkadír á ólíkan hátt. Þetta er í rauninni alveg það sama og með raddmál sem spretta upp á hverjum stað og þróast og breytast. Að tala um samræmt táknmál á heimsvísu er eins og að segja að það ættu bara allir að tala ensku.“

fridikab@frettabladid.is

MERKISATBURÐIR

- 1531** Hinrik VIII. er lýstur æðsti maður Biskupakirkjunnar í Englandi.
- 1752** Fyrsta sjúkrahús Bandaríkjanna, Pennsylvania Hospital, er opnað.
- 1809** Robert Fulton fær einkaleyfi á gufuskipi.
- 1814** Noregur lýsir formlega yfir sjálfstæði. Þar með enda dagar dansk-norska ríkisins.
- 1906** Hið íslenska bókbindarafélag stofnað í Reykjavík.

- 1961** Réttarhöld yfir Adolf Eichmann hefjast í Jerúsalem.
- 1973** Tíu manns farast með Sjóstjórnnunni KE 8 er skipið sekkur á milli Færeyja og Íslands. Í áhöfn voru fimm Íslendingar og fimm Færeyingar.
- 1973** Sjónvarpið frumsýnir kvikmyndina Brekkukotsannál sem gerð var eftir samnefndri sögu Halldórs Laxness.
- 1980** Metaflí loðnu á einum sólarhring: 23.180 lestir. Tíu ár liðu áður en þetta met var slegið.
- 1990** Nelson Mandela er sleppt úr fangelsi í Suður-Afríku eftir að hafa verið pólitískur fangi í 27 ár.

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

GYÐA ÓLAFSDÓTTIR
Lindargötu 57,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Neskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

Stefán Gunnar Stefánsson **Hafdís Hannesdóttir**
Ella Stefánsdóttir
Gunnar Haukur Stefánsson **Arnþróður Jónsdóttir**
Berta Ósk Stefánsdóttir **Markús Þ. Þórhallsson**
Stefán Örn Stefánsson **Lína Björg Tryggvadóttir**
Þórunn Snjólaug og **Gyða Gunnarsdóttir**
Rebekka Rút Þorbjörnsdóttir, **Þórunn Hafdís Stefánsdóttir**



+

Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

ÓLAFUR GUÐJÓNSSON
Skúlagötu 40b, Reykjavík,

sem lést á Droplaugarstöðum 31. janúar sl. verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. febrúar klukkan 15.00 Þeim, sem vildu minnast hans, er bent á Barnaspítalasjóð Hringins, símar 543-3022 og 543-3025.

Gísli Ólafsson **Elisabet Solveig Pétursdóttir**
Viðar Ólafsson **Birna Björnsdóttir**
Þórunn Ólafsdóttir
Sveinn Ingi Ólafsson og **fjölskyldur.** **Gyða Þórðardóttir**



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



SAGA HANDA BÖRNUM

Sagnfræðifélag Íslands heldur hádegisverðarfund á morgun undir heitinu Hvað er sögulegur skáldskapur? Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, flytur erindið „Saga handa börnum“. Erindið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands og hefst klukkan 12.05.

Neyðaropnunarbúnaður fyrir flóttahurðir



JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

HEILSUMAMMAN Oddrún Helga tók allar mjólkurvörur út úr mataræði fjölskyldunnar og minnkaði glúten og sykur eftir að elsta dóttir hennar greindist með fæðuþöf. Yngsti fjölskyldu-meðlimurinn, Jónatan, nýtur einnig góðs af.

MYND/VILHELM



HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.



12V 4A

12V 0,8A

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

HOLLARA NAMMI

BREYTT MATARÆÐI Oddrún Helga Símonardóttir heldur úti matarblogginu heilsumamman.com. Hér gefur hún lesendum uppskriftir að sælgæti.

Ég fór að prófa mig áfram í matargerðinni eftir að elsta dóttir mín greindist með fæðuþöf og tók smám saman út allar mjólkurvörur og minnkaði bæði sykur og glúten. Nú geri ég allt frá grunni og það kemur allri fjölskyldunni til góða,“ segir Oddrún Helga Símonardóttir, sem heldur úti matarblogginu heilsumamman.com. Hún segir breytingarnar ekki hafa komið á einni nóttu heldur hafi tekið tíma að komast upp á lag með að lesa um innihald á pökkum og finna hentugar uppskriftir. „Ég finn mikið á netinu og í bókum og svo verða líka til uppskriftir upp úr tilraunamennsku, eftir því hvað er til í ísskápnunum. Þetta nammi er sérstaklega vinsælt á heimilinu.“

ORKURÍKIR MUNNBITAR

Hampnammi gefur góða orku í hversdagsumstrinu, fullt af góðri fitu, trefjum og kalki.

½ bolli hampfræ
½ bolli graskersfræ (möluð)
½ bolli sesamfræ
1 bolli döðlur
1 bolli kókosmjöl
1 tsk. vanilludropar
5 msk. kakó
4 msk. kókosolía
2 msk. hnetusmjör, án sykurs

Leggið döðlurnar í bleyti í 30 mín. Hellið vatninu af og maukið með töfrasprota. Bætið kókosoliunni saman við ásamt

vanilludropunum og hnetusmjörinu. Blandið öllum þurr-efnunum saman í aðra skál. Það er bæði hægt að mala graskersfræin með töfrasprota og í matvinnsluvél. Blandið öllu vel saman. Leggið deigið á bökunarpappir og þjappið því niður, látið kólna og skerið svo í litla bita eða lengjur.

BOUNTYNAMMI

1 bolli döðlur
3 bollar kókos
¼ bolli kókosolía
½ bolli malaðar kasjúhnetur (má sleppa)
1 tsk. vanilludropar
3-4 msk. kókospálma-

sykur
150 g 70% súkkulaði

Leggið döðlurnar í bleyti í 30 mín. Hellið vatninu af og maukið með töfrasprota. Blandið kókosoliunni saman við ásamt vanilludropunum. Ef döðlurnar eru volgar bráðnar kókosolían strax og þá þarf ekki að bræða hana sérstaklega. Blandið saman í aðra skál kókos, kasjúhnetur og kókospálmasykur. Vinnið vel saman. Kælið og hellið bræddu súkkulaði yfir. Látið kólna og skerið í litla bita.

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT



Svefnsófadagar

20-40% afsláttur af svefnsófum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Napoli 3ja sæta svefnsófi
Verð áður frá 269.900.-
Nú frá 215.920.-

Napoli 3ja sæta svefnsófi m/tungu
Verð áður kr. 399.800.-
Nú kr. 319.840.-

Toronto vandaður svefnsófi
Verð áður kr. 149.900
Verð nú aðeins kr. 119.920



Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

ÍSLENSK LEIRLIST
■ SÝNING
Innlit í Glit er heiti sýningar sem Hönnunarsafn Íslands opnaði síðastliðinn föstudag. Á sýningunni eru valdir munir frá árunum 1958 til 1973 úr sögu Leirbrennslunnar Glits hf. Glit markaði djúp spor í íslenskri leirlistarsögu á tíma þegar íslenskur listiðnaður var í frumbersku. Listrænn metnaður stjórnenda Glits var mikill og margir af þekktustu listamönnum Íslendinga á 20. öld unnu hjá Gliti til lengri eða skemmri tíma. Á sýningunni er fjöldi muna frá Gliti, bæði af Óðinsgötunni og ofan af Höfða. Auk muna frá Gliti verður íslenskur leir sýndur og sagt frá sögu íslenskrar leirtöku hjá Gliti. Sýningin verður í Hönnunarsafni Íslands út maí.



SNÆBJÖRN STEFÁNSSON



SNÆBJÖRN STEFÁNSSON

SÝNA Í SVÍPJÓÐ

ÍSLENSK HÖNNUN Tveir hópar íslenskra hönnuða tóku þátt í hönnunarvikunni í Stokkhólmi og hlutu góðar viðtökur gesta.

Hönnunarhátíðinni Stockholm Design Week lýkur nú um helgina. Íslenskir hönnuðir tóku þátt í tvennum sýningum á hátíðinni, annars vegar sýningunni 13AL+, en þar unnu íslensku hönnuðirnir Sigga Heimis, Snæbjörn Stefánsson, Þóra Birna, Garðar Eyjólfsson og Katrín Ólína í samvinnu við sænskra álfraframleiðendur, og hins vegar sýndu Bryndís Bolladóttir, hönnunarteymið Volki og húsgagnaframleiðandinn Á. Guðmundsson á Stockholm Furniture Fair.

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, segir sýningararnar hafa gengið vel og íslensku hönnuðina hafa fengið fína athygli. „Þetta hefur gengið mjög vel og hönnuðirnir láta vel af viðtökunum. Ég finn einnig fyrir miklum áhuga á Hönnunarmars hér úti, sem er afar ánægjulegt,“ segir Halla. Sýningarnar verða einnig settar upp á Hönnunarmars sem fram fer í Reykjavík dagana 14. til 17. mars. ■ rat



ÍSLENSK HÖNNUN Sýningarbás Bryndísar Bolladóttur, Volka og Á. Guðmundssonar á Stockholm Furniture Fair. MYND/BRYNDÍS BOLLADÓTTIR



BRYNDÍS BOLLADÓTTIR



VOLKI

SIGGA HEIMIS

AQUACLEAN ÁKLÆÐI
Svo var rennt í hvert lagið á eftir öðru. Troðfullur salurinn var vel með á nótunum og ungir sem aldnir tóku hraustlega undir í viðlögunum. Spilamennskan var óaðfínnanleg og sérstaklega gaman að sjá Þráin gítarleikara fara í gegnum hvert hetjusólíóð á eftir öðru án þess að slá feilnótu. Sannkölluð íslensk gítarhetja. Jón Geir trommari átti líka á tíðum stórleik, sem og raunar allt bandið. Björgvin forsöngvari skilaði dýrt kveðnum textunum vel frá sér og dýrsleg öskrin í Baldri gítarleikara voru svakaleg. Það sem skilur Skálmöld frá flestum öðrum þungarokksböndum eru raddanirnar í þjóðlegum stíl, sem Gunnar hljómborðsleikari útsetur eftir kúnstarinnar reglum. Hann átti síðan sitt andartak þegar

hann fór með rímu Miðgarðsorms og uppskar mikið klapp fyrir.

Hámarkinu var síðan náð í besta lagi plötunnar að mínu mati, sem er Sér. Eftir stutta pásu var aftur í hópinn á sviðinu og „söng“ eða rumdi línur Heljar. Enn eitt gæsa húðarmómentið.

Kórinn mætti síðan aftur í síðasta lagi og hringnum var lokað með stæl. Og þeir sem héldu að ballíð væri búið þarna höfðu rangt fyrir sér. Eftir stutta pásu var aftur slegið í klárinn og boðið upp á nokkur vel valin lög af Baldri, fyrstu plötu sveitarinnar, í kaupbæti. Salurinn tók hraustlega undir í lokalaginu Kvaðningu, sem hver einasti gestur virtist kunna utanbókar. Sérstaklega var gaman að sjá hve breiður aldurshópur aðdáenda Skálmaldar er og voru yngstu gestirnir komnir vel fram yfir venjulegan háttatíma þegar yfir lauk.

Víkingamálurinn sem Skálmaldarmenn bræða saman er ekki allra en ég fullyrði að enginn fer ósnortinn út af tónleikum hjá þeim. Þeir eru geysipéttir, syngja allir og spila eins og englar (eða einherjar öllu heldur) og það sem mest er um vert, spilagleiðin skín svo af hverju andliti að það er eiginlega ekki hægt annað en að hrifast með. Frábært kvöld og fullt hús stiga.

Gunnar Reynir Valþórsson

15% afsláttur
Gildir út febrúar

Voltaren
Dolo 25 mg Diclofenac, kal.
11,6 mgig Gelatín
11,6 mgig Gel

Apótekarinn+
þy á lægra verði

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

KON-TIKI	(12)	17:45, 20:00, 22:15
HOLY MOTORS	(16)	20:00, 22:00
HVELLUR	(L)	18:00, 20:00
XL	(16)	18:00, 22:10

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.

SÝRLAND
NÁMSKEIÐ

Skráningu lýkur 14. febrúar
Nánari upplýsingar á www.talsetning.is



Langar þig að talsetja teiknimyndir?



Námskeið fyrir börn og unglinga Námskeið fyrir fullorðna

Hefur þig alltaf langað að sýna hvað í þér býr? Nú er tækifærið því við erum að fara af stað með námskeið í talsetningu teiknimynda. Sum þeirra barna og unglinga sem sótt hafa námskeið hjá okkur í talsetningu hafa fengið tækifæri til að tala inn á alvöru teiknimyndir, bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndahús.

Námskeiðin fyrir 9-12 ára hefjast 18.02.2013 og eru frá 17:15-19:15
Námskeið fyrir 13-18 ára hefjast 18.02.2013 og eru frá 19:30-21:30
Námskeið fyrir eldri munu hefjast 2.03.2013.

Kennd eru undirstöðuatriði í

- Framsógn
- Raddbeitingu
- Upplestri
- Túlkun
- Talsetningu á myndefni



Verð aðeins 34.900 kr.

(Athugið - hægt er að nota Fristundakortið á námskeiðið)

Nánari upplýsingar á www.talsetning.is,
á heimasíðu Stúdíó Sýrlands, www.syrland.is

Skráning er hafin og er hægt að senda
tölvupóst á bokanir@syrland.is eða hringja
í síma 563-2910

SÝRLAND



APENA Sigfús spilaði á tvennum Ólympíuleikjum. Hér er hann í leik gegn Spáni í Apenu árið 2004.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



BYRJUN Sigfús hóf atvinnumannaférlinn hjá Magdeburg.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ENDIRINN Sigfús endaði atvinnumannaférlinn hjá Emsdetten.

MYND/EMSDETTEN



GLEÐI OG SORG Ferill Sigfúsar var rússíbanareid. Faðir hans huggar hann hér eftir tap á EM í Noregi árið 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Meira í lífinu en handboltri

Einn dáðasti handknattleiksmaður þjóðarinnar, Sigfús Sigurðsson, hefur lagt skóna á hilluna. Endanlega að þessu sinni. Þessi 37 ára gamli jaxl hefur glatt þjóðina um árabíl og náð frábærum árangri hér heima og erlendis. Hann segist skilja sáttur við handboltann og bíður spenntur eftir nýjum tækifærum utan vallarins.

HANDBOLTI „Hnéð á mér er endanlega búið. Í leik gegn Fram fyrir jólfór það endanlega. Það verður ekki snúið aftur úr þessu. Þetta er orðið slitið og ónýtt. Ég kemst vart upp stiga í dag,“ segir Sigfús, sem hefur lengi glímt við meiðsli í hnénu. Honum tókst samt að spila í flestum leikjum Vals fyrir jólfór.

„Það flísaðist upp úr hnéskelinni. Búið að bora fram og til baka ásamt því að skafa. Hnéð er því eðlilega ekki gott.“

Þessi stóri en mjúki maður hefur ekki áhuga á því að eyðileggja hnéð til frambúðar því hans biða spennandi tímar.

Sigfús og unnusta hans, Josy Zareen, eiga von á stúlkubarni í apríl. Fyrir á Sigfús 18 ára strák og Josy á þrjú önnur börn. Þau eru því með stóra fjölskyldu.

„Nú er maður með fjölskyldu og ég vil geta leikið við börnin og barnabörnin. Þetta snýst um meira en mig. Það er yndislegt að eiga haug af börnum og svo fullt af barnabörnum. Það er það sem lífið snýst um. Það er margt annað í lífinu en boltri.“

Sigfús segir að það bíði hans frábærir tímar á eftir handboltanum og hann hlakkar til að verða faðir á nýjan leik.

„Nýir dagar og ný tækifæri. Það verður nóg um að vera. Nú er allt þetta líf sem maður missti af í atvinnumenskunni að byrja núna. Það er ekkert nema tilhlökkun.“

Sigfús á glæstan feril að baki. Byrjaði ferilinn með Val og lék svo með liðum á Þýskalandi og Spáni áður en hann lauk ferlinum aftur á heimaslóðum. Þrátt fyrir marga hápunkta fékk Sigfús sinn skerf af mótlæti.

„Ég fór í bakinu eftir Ólympíuleikana árið 2004. Fórfór í endurhæfingu og spilaði. Þá brotnaði hryggjarliðurinn. Það kom líka gat á mænuna og ég missti máttinn í löppunum. Ég háflamaðist fyrir neðan mitti. Það hélt mér samt ekki lengi utan vallar,“ sagði



HÁPUNKTUR FERILSINS Sigfús fagnar hér sigri á Ólympíuleikum í Peking, þar sem Ísland vann til silfurverðlauna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigfús, sem hefur átt erfitt með að hætta og nokkrum sinnum snúið til baka á völinn þegar fólk var búið að afskrifa hann.

„Handboltinn er ótrúlega skemmtilegur og hefur gefið mér mikið. Það tekur því tíma að sætta sig við að þetta sé búið. Ég gerði mér grein fyrir því í haust að þetta yrði svanasöngurinn minn. Þetta var komið gott. Ég stíg svo út núna á mínum forsendum. Það skiptir máli.“

Sigfús segist vera gríðarlega stoltur af sínum langa ferli en hápunkurinn er eðlilega þegar hann vann silfurverðlaun með lands-

liðinu á Ólympíuleikum í Peking árið 2008.

„Ég hef upplifað margt og mikið og unnið marga titla. Ég hef kynnst óendanlega mörgu góðu fólki. Þetta var bara æðislegur tími. Hápunkturinn var eðlilega í Peking. Það afrek verður alltaf hátt skrifað í sögubókunum og ánægjulegt að hafa tekið þátt í því afreki.“

Rússajeyppinn, eins og Sigfús var iðulega kallaður á sínum ferli, mun þó ekki slíta sig alveg frá handboltanum. Hann er að þjálfva 5. flokk kvenna hjá Val og gæti vel hugsað sér að fara lengra í þjálfun.

„Pað er yndislegt að eiga haug af börnum og svo fullt af barnabörnum. Það er það sem lífið snýst um.“

Sigfús Sigurðsson

„Ég hef mjög gaman af því að þjálfva og kenna. Kannski langar mig síðar að taka að mér meistaraflokk. Ég hef spilað undir stjórn manna eins og Boris, Tobba Jens, Alla Gísla, Óskars Bjarna, Gumma Gumm og fleiri góðra. Ég er búinn að víða að mér mikilli reynslu og það ætti að hjálpa mér eitthvað. Mikið andskoti mætti ég vera heimskur ef ég gæti ekki nýtt mér það eitthvað,“ sagði Sigfús léttur.

„Það er samt mjög gaman að vinna með krökkunum. Þá sér maður best hvort það er að virka sem maður er að kenna. Það er gaman að sjá framfarirnar hjá krökkunum.“

Sigfús segir að margt sé að í yngri flokka þjálfun. Ofuráhersla sé lögð á að vinna í stað þess að vinna með krökkunum og leyfa öllum að vera með. Það er nefnilega aldrei að vita hvenær krakkar springa út. Það þekkir hann sjálfur.

„Ég var feitur markvörður í 5. flokki sem fékk ekki að vera með. Ég fékk aðeins að vera með í 4. flokki. Það var ekki fyrr en Rússarnir komu sem ég byrjaði að fá að spila eitthvað af viti. Það skiptir máli að leyfa krökkum að prófa sig áfram,“ segir Sigfús, sem sér ekki eftir neinu á sínum ferli.

„Ég hef hugsað þannig að það þýðir ekki að horfa til baka og sjá eftir einhverju. Maður kemst ekkert áfram á því að vera alltaf að horfa í baksýnispegilinn. Ég hef gert helling af mistökum en þeir hlutir móta mann. Þeir hafa gert mig að þeim manni sem ég er í dag.“

henry@frettabladid.is

Golfsettið ferðast frítt!




+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is



Golfers

REAL MADRID MAN. UTD.

MÍÐVIKUDAG KL. 19.30



SPORT HD ALLIR LEIKIRNIR Í 16 LIÐA ÚRSLITUM Í BEINNI!

RISARNIR MÆTAST Í MEISTARADEILDINNI

Útsláttarkeppni bestu liðanna í Meistaradeild Evrópu byrjar með látum. Hvaða stórveldi komast áfram? Hvaða ofurstjórnur sitja eftir með sárt ennið? Sjáðu flottasta boltann í leiftrandi háskerpu!

SPORT HD 12. FEB. KL. 19.30
CELTIC – JUVENTUS

SPORT 3 12. FEB. KL. 19.30
VALENCIA – PSG

SPORT 3 13. FEB. KL. 19.30
**SHAKHTAR DONETSK –
BORUSSIA DORTMUND**

ÚRSLIT

DOMINOS-DEILD KARLA

KFÍ - SNÆFELL 106-110

KFÍ: Damier Erik Pitts 38/10 stoðsendingar, Mirko Stefan Virijevic 25/12 fráköst, Kristján Pétur Andrússon 17/4 fráköst, Tyrone Lorenzo Bradshaw 15/11 fráköst, Hlynur Hreinnsson 11/4 fráköst, Snæfell: Sigurður Á. Þorvaldsson 34/12 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 22/8 fráköst/5 stoðsendingar, Ryan Amaroso 19/17 fráköst, Jay Threath 16/5 stoðsendingar, Pálmi Sigurgeirsson 10/6 fráköst.

KR - ÞÓR 88-83

KR: Brynjar Þór Björnsson 19, Helgi Már Magnússon 19, Kristófer Acox 16/6 fráköst, Darshawn McClellan 14/14 fráköst, Brandon Richardson 12/5 fráköst, Martin Hermannsson 5.

Þór Þ: Benjamin Curtis Smith 31/5 fráköst/6 stoðsendingar, Darrell Flake 25/11 fráköst/3 varin skot, David Bernard Jackson 14/9 fráköst.

SKALLAGRÍMUR - TINDASTÓLL 63-77

Skallagrímur: Carlos Medlock 17/6 fráköst/7 stoðsendingar/6 stólnir, Hördur Helgi Hreiðarsson 12/9 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 11, Sigmar Egilsson 8, Davíð Ásgeirsson 7.

Tindastóll: Helgi Rafn Viggósson 18/12 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 15/5 fráköst, Drew Gibson 11, George Valentine 11/11 fráköst, Tarick Johnson 8/4 fráköst, Próstur Leó Jóhannsson 5.

N1-DEILD KARLA

HAUKAR - FH 21-25

Haukar - Mörk (skot): Jón Þorbjörn Jóhannsson 6 (7), Sigurbergur Sveinsson 6/2 (12/3), Freyr Brynjarsson 3 (4), Árni Steinn Steinþórsson 3 (11).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 8 (19/1, 42%), Giedrius Morkunas 6 (20, 30%).

FH - Mörk (skot): Ásbjörn Friðriksson 7/1 (16/11), Einar Rafn Eðsson 5 (5), Magnús Óli Magnússon 5 (7), Ragnar Jóhannsson 5 (11).

Varin skot: Daníel Andrússon 13/1 (34/3, 38%).

N1-DEILD KVENNA

GRÓTTA - FRAM 26-36

ÍBV - SELFOSS 31-17

HK - FH 27-25

visir.is

Nánar um leiki helgarinnar.

Tilfinningin er góð

Hannes Jón Jónsson er kominn á fullt með Eisenach eftir krabbameinsmeðferð. Hann sneri aftur með miklum látum um helgina er hann skoraði þrjú síðustu mörk síns liðs og tryggði því mikilvægan sigur. Hann segir það hafa verið sætt.

HANDBOLTI „Þetta var mjög ljúft. Ég get ekki logið því,“ sagði Hannes Jón Jónsson, sem tryggði liði sínu, Eisenach, dramatiskan 28-27 sigur í þýsku B-deildinni um helgina. Sigurinn lyfti Eisenach upp í þriðja sæti deildarinnar.

Hannes Jón gerði sér lítið fyrir og skoraði þrjú síðustu mörk síns liðs. Sigurmarkið kom 39 sekúndum fyrir leikslok.

„Þetta var svolítið Hollywood-móment. Það er ekki spurning að þetta er sætt eftir það sem á undan er gengið. Tilfinningin er rosalega góð og gaman að vera kominn á fullt. Það var góð stemning eftir leikinn.“

Aftek Hannesar er mikið því í október á síðasta ári fór hann í aðgerð vegna krabbameins. Hann greindist með illkynja æxli í þvagnblöðrunni og þurfti að fjarlægja þrjú æxli. Hann er nýstíginn út á handboltavöllinn aftur, en hann ætlaði sér alltaf að spila á nýjan leik í þessum mánuði.

„Þetta var fyrsti deildarleikurinn minn eftir veikindin. Ég hafði spilað tvo æfingaleiki á undan og einn bikarleik,“ sagði Hannes, en hann segist vera í fínu ástandi þrátt fyrir allt.

„Ég fer í lyfjameðferð einu sinni í viku og svo hvíli ég frá æfingum þann dag. Ég fer svo aftur inn á spítala um næstu mánaðamót þar sem ég verð skoðaður á ný. Vonandi verð ég hreinn og fínn þá. Í þeirri heimsókn verður líka tekin ákvörðun um framhald lyfja-



HETJAN Hannes Jón fór á kostum með liði sínu Eisenach um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

gjafarinnar. Kannski breyta þeir henni í aðra hverju viku eða einu sinni í mánuði,“ segir Hannes og bætir við að hann sé ágætlega orkumikill þrátt fyrir lyfjagjöfina.


„Ég hugsa rosalega vel um mig og hef gjörbreytt mataræðinu mínu. Ég passa mig líka á því að sofa vel og hvílast vel. Ég hef farið í gegnum þetta án þess að finna mikið fyrir þessu. Ég hef verið mjög heppinn að því leyti að þetta hefur farið vel í mjög. Eflaust hjálpar líka til hvað ég hef passað vel upp á mig.“

Síðast er Hannes fór í skoðun fannst ekkert. Hann er því bjart-

sýnn á að næsta skoðun leiði hið sama í ljós.

„Svona verður framhaldið hjá mér. Ég fer í skoðun á þriggja mánaða fresti og svo verður að koma í ljós hvernig lyfjagjöfin verður. Það er búið að hringla svolítið með hana,“ segir Hannes, sem er ánægður með að hafa náð því markmiði sínu að komast aftur út á völlinn febrúar.

„Það hefur allt gengið eftir hjá mér sem betur fer. Ég get ekki kvartað yfir neinu og óþarfi að vera með of mikla dramatík í kringum þetta. Vonandi verður þetta gott áfram.“ henry@frettabladid.is



MÖGNUM Aníta fór á kostum í Laugardalshöllinni um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aníta fékk þrjú gull

FRJÁLSAR ÍR-ingurinn Aníta Hinriksdóttir stal senunni á Meistaramóti Íslands sem fram fór í Laugardalshöll um helgina.

Aníta vann til þriggja gullverðlauna á móttinu. Hún vann 400 og 800 metra hlaupin og einnig var hún í 4x400 metra boðhlaupssveit ÍR sem vann gull og setti Íslandsmet í leiðinni.

Aníta náði þess utan EM-lágmarki í 400 metra hlaupinu og er því búin að ná EM-lágmarki í bæði 400 og 800 metra hlaupi.

Hafðís Sigurðardóttir úr UFA vann til tveggja gullverðlauna en hún vann langstökkskeppnina á laugardegi og tryggði sér síðan sigur í 200 metra hlaupi í gær.

ÍR vann stigakeppni bæði karla og kvenna. FH varð í öðru sæti og UFA því þriðja. - hbg

GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Frábær fjármögnun í boði



Mercedes-Benz



Hlaðinn aukabúnaði


Enn í ábyrgð

Árg. 2012, ekinn 14 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfsk., eyðsla 6,6 l/100 km í bl. akstri.

Aukabúnaður: Leðuráklæði, hiti í sætum, rafdrifin sæti. PARKTRONIC fjarlægðarskynjarar, offroad tæknipakki, aftengjanlegur dráttarkrókur, 17" felgur.

Verð 7.390.000 kr.

Mercedes-Benz GLK 220 CDI 4Matic



Enn í ábyrgð

Hlaðinn aukabúnaði

Árg. 2012, ekinn 7 þús. km, bensín, 123 hö., beinsk., eyðsla 6,2 l/100 km í bl. akstri.

Aukahlutir: Aksturstölva, fjarlægðarskynjarar, kastarar, loftkæling, hraðastillir, rafdrifnar rúður og speglar, rafdrifin leðursæti með minni, upplýsingaskjúr, stafrænt mælaborð, þjófavörn.

Verð 4.590.000 kr.

Mercedes-Benz B 180 NGT



Lítið ekinn

Hlaðinn aukabúnaði

Árg. 2011. Ekinn 25 þús. km, bensín/metan, 164 hö, sjálfsk., eyðsla 8,3 l/100 km í bl. akstri.

Aukabúnaður: Aksturstölva, hraðastillir, loftkæling, Xenon aðalljós, spólvörn, stafrænt mælaborð, stöðugleikakerfi, þjófavörn, rafdrifin sæti, hiti í sætum, bakkmyndavél, leðuráklæði, Avantgarde pakki ofl.

Verð 7.290.000 kr.

Mercedes-Benz E 200 NGT



Lítið ekinn

Gott eintak

Árg. 2005, ekinn 62 þús. km, bensín, 164 hö., sjálfsk.

Aukabúnaður: Leðuráklæði, topplúga, fjarlægðarskynjarar, hiti í sætum, rafdrifin sæti, hraðastillir, loftkæling, stafrænt mælaborð. Ath. umboðsbíll.

Verð 2.990.000 kr.

Mercedes-Benz E 200 Kompressor



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



SNILLINGUR Ryan Giggs skorar í gær. Hann er búinn að skora í deildinni 23 ár í röð. NORDICPHOTOS/GETTY

Tólf stiga forskot hjá Man. Utd

Manchester United er komið með aðra höndina á 20. Englandsmestaratitlinn.

FÓTBOLTI Það særði stolt Man. Utd á síðustu leiktíð er liðið varð að horfa á eftir Englandsmestaratitlinum fara til erkifjendanna í City. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, gaf þá strax út að aðalmarkmið félagsins væri að vinna Englandsbikarinn aftur.

Það hefur heldur betur gengið eftir því Utd er komið með tólf stiga forskot á Man. City eftir 26 leiki. Ótrúleg staða þegar febrúar er ekki hálfnaður.

Ferguson ætlaði sér að hvíla marga leikmenn gegn Everton í

gær en þar sem City missteig sig óvænt gat hann ekki annað en stillt upp sterku liði því tækifæri til að ná tólf stiga forskoti kemur ekki á hverjum degi.

„Úrslitin í City-leiknum höfðu mikil áhrif á liðsvalið. Ég ætlaði að hvíla fleiri leikmenn. Sá fram á sjó breytingar en leikurinn var of mikilvægur. Ég get hvílt menn seinna í vetur,“ sagði Ferguson, en hans lið á leik gegn Real Madrid í Meistaradeildinni á miðvikudag.

Hinn síungi Ryan Giggs skoraði í gær og náði þeim einstaka

árangri að skora 23. tímabilið í röð.

„Goðsögnin lifir. Hann er ótrúlegur maður. Hann hleypur fram og til baka og býr yfir ótrúlegri orku. Það er unaðslegt að fylgjast með honum,“ sagði Ferguson en Giggs sjálfur vildi lítið gera úr þessu afreki.

„Þetta var mikilvægt mark fyrir okkur. Aðalatriðið er að þetta lið kom okkur í gang. Við urðum að ná þremur stigum gegn þessu fina Everton-liði. Við erum í góðu formi og stigin afar mikilvæg.“ - hbg

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

MAN. UTD - EVERTON 2-0

1-0 Ryan Giggs (13.), 2-0 Robin van Persie (45.+1).

ASTON VILLA - WEST HAM 2-1

1-0 Christian Benteke, víti (73.), 2-0 Charles N'Zogbia (78.), 2-1 Ashley Westwood, sjm. (87.).

TOTTENHAM - NEWCASTLE 2-1

1-0 Gareth Bale (5.), 1-1 Yoan Gouffran (24.), 2-1 Gareth Bale (78.).

CHELSEA - WIGAN 4-1

1-0 Ramires (23.), 2-0 Eden Hazard (56.), 2-1 Shaun Maloney (58.), 3-1 Frank Lampard (86.), 4-1 Marko Marin (90.+2).

NORWICH - FULHAM 0-0

STOKE - READING 2-1

1-0 Robert Huth (67.), 2-0 Cameron Jerome (81.), 2-1 Adrian Mariappa (83.).

SUNDERLAND - ARSENAL 0-1

0-1 Santi Cazorla (35.).

SWANSEA - QPR 4-1

1-0 Michu (8.), 2-0 Angel Rangel (18.), 2-1 Bobby Zamora (48.), 3-1 Pablo (50.), 4-1 Michu (67.).

SOUTHAMPTON - MAN. CITY 3-1

1-0 Jason Puncheon (7.), 2-0 Steven Davis (22.), 2-1 Edin Dzeko (39.), 3-1 Gareth Barry, sjm. (48.).

STAÐAN

Man. United	26	21	2	3	62-31	65
Man. City	26	15	8	3	48-24	53
Chelsea	26	14	7	5	55-28	49
Tottenham	26	14	6	6	44-30	48
Arsenal	26	12	8	6	50-29	44
Everton	26	10	12	4	40-32	42
Swansea	26	9	10	7	38-29	37
Liverpool	25	9	9	7	44-32	36
WBA	25	10	4	11	34-35	34
Stoke	26	7	12	7	26-31	33
West Ham	26	8	6	12	29-38	30
Fulham	26	7	8	11	36-42	29
Sunderland	26	7	8	11	28-34	29
Norwich	26	6	11	9	25-40	29
Southampton	26	6	9	11	36-45	27
Newcastle	26	7	6	13	33-46	27
Aston Villa	26	5	9	12	25-50	24
Reading	26	5	8	13	33-48	23
Wigan	26	5	6	15	30-51	21
QPR	26	2	11	13	19-41	17



SVEKKTUR Mancini átti erfitt með sig á hliðarlínunni. NORDICPHOTOS/GETTY

City að missa af lestinni

FÓTBOLTI Það gengur afar illa hjá meisturum Man. City að veita nágrönnum sínum í United aðhald í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar.

City tapaði mjög óvænt um helgina gegn Southampton þar sem liðið gaf þrjú mörk. Gareth Barry gaf mark og skoraði sjálfsmark. Markvörðurinn Joe Hart missti svo boltann í gegnum klofið og þau mistök leiddu líka til marks.

„Þetta var miklu verra en léleg frammistaða hjá okkur. Við tókum einfaldlega ekki þátt í leiknum. Við spilðum með kannski tvo til þrjú leikmenn á meðan þeir voru með ellefu. Það er ansi erfitt að vinna þannig leiki,“ sagði hundsvektur stjóri City, Roberto Mancini.

„Ég myndi segja að við ættum svona tíu prósent líkur á því að verja titilinn. Ég sé það samt ekki gerast að Man. Utd tapi tólf stigum það sem eftir er.“ - hbg

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÍBÚUM Í

Breiðholti

AÐ HÆTTA AÐ HENDA PAPPÍR Í RUSLIÐ



Sorphirða í Reykjavík mun á næstu mánuðum breytast til hins betra – og nú er komið að Breiðholti. Reykvíkingar munu á þessu ári hætta alfarið að henda pappír, pappa, dagblöðum, tímaritum, fernum og skrifstofupappír í almennar sorptunnur.

Pappír er verðmætt efni sem auðvelt er að nýta til hagsbóta fyrir umhverfið. Í stuttu máli: **Pappír er ekki rusl.**

TVÆR LEIÐIR TIL AÐ LOSNA VIÐ PAPPÍRINN

BLÁ TUNNA


Þú pantar bláa tunnu á pappirekkir.is, með símtali í **4 11 11 11** eða með tölvupósti á sorphirða@reykjavik.is. Við komum með bláu tunnuna til þín innan nokkurra daga.

GRENNDARGÁMAR

Á pappirekkir.is finnur þú næsta grenndargám í þínu hverfi.

Allt um breytta sorphirðu er að finna á pappirekkir.is

ER KOMIÐ AÐ ÞÍNU HVERFI?



– Takk fyrir að flokka!

Reykjavíkurborg **SORPA**

Stöð 2 kl. 21.35

Boss

Kelsey Grammer hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir frammi-stöðu sína í þáttaröðinni Boss sem er á dag-skrá Stöðvar 2 í kvöld. Hann leikur Tom Kane, borgarstjóra í Chicago, sem glímir við erfið veikindi en er ekki tilbúinn að láta af völdum.



Í KVÖLD



Revenge

RÚV KL. 21.00 Amanda Clarke heldur áfram að reyna að ná fram hefndum fyrir fjölskyldu sína undir dulnefninu Emily Thorne. Vínátta Daniels og Aidans er í hættu og Daniel virðist tilbúinn að gefa hvað sem er upp á bátinn til að vinna kosningu um stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins. **TV.COM** **IMDb**

8,8 8,2



CSI

SKJÁR 1 KL. 22.00 Þjálfari háskóla-liðs í körfubolta er myrtur í þætti kvöldsins og Russel og lið hans rannsaka málið. Þegar byrjað er að leita eftir óvinum þjálfarans kemur í ljós að hann var afar óvinsæll, ekki bara meðal leikmanna og aðdáenda heldur líka skólayfirvalda. **TV.COM** **IMDb**

8,9 7,8



The Lying Game

POPPTÍVÍ KL. 21.15 Alexandra Chando leikur hér eineggja tvíbura-systurnar Emmu Becker og Sutton Mercer. Stúlkurnar voru aðskildar við fæðingu og á meðan önnur ólst upp í fátækt átti hin allt sem hugurinn girntist. Þegar þær svo hittast fara dularfullir atburðir að gerast. **TV.COM** **IMDb**

8,0 7,2

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfreginir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfreginir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisúvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Konur 15.25 Fólkið og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjórnurnar 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Ópus: Myrkir músíkdagar 2013 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.15 Samfélagið 22.20 Lestur Passíusálma 22.30 Albúmið: Who's next - The Who 00.00 Fréttir 00.05 Næturúvarp Rásar 1

RÚV

15.30 Silfur Egils (e)
16.50 Landinn (e)
17.20 Sveitasæla
17.31 Spurt og sprellað
17.38 Töfráhnötturinn
17.51 Angelo ræður
17.59 Kapteinn Karl
18.12 Grettir
18.15 Táknafréttir
18.25 Doktor Ása (8:8) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfreginir
19.35 Kastljós

20.00 Brasilía með Michael Palin – Amasonsvæðið (2:4) (Brazil with Michael Palin)

21.00 Hefnd (9:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmiði að hefna sín.

21.45 Jakob - Ástarsaga (5:6) (Dr Mama: Jacob - A Love Story) Dönsk þáttaröð. Jakob hefur aldrei verið í sambandi sem hefur enst lengur en í þrjá mánuði.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfreginir

22.20 Íslenski boltinn

23.05 Glæpurinn III (1:10) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

00.05 Millennium – Loftkastalinn sem hrundi - Seinni hluti (6:6) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

01.35 Kastljós (e)

02.00 Fréttir

02.10 Dagskrárlok

BÍÓ

12.40 Next Avengers: Heroes of Tomorrow
14.00 Four Last Songs
15.50 Post Grad
17.20 Next Avengers: Heroes of Tomorrow
18.40 Four Last Songs
20.30 Post Grad
22.00 The Help
00.25 Promised Land
01.55 Season of the Witch
03.30 The Help

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm in the Middle (4:16)
08.30 Ellen (93:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors (80:175)
10.15 Wipeout USA (18:18)
11.00 Drop Dead Diva (2:13)
11.45 Falcon Crest (27:29)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (15:24)
13.25 The X-Factor (12:27)
15.10 ET Weekend
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Nágrannar
17.35 Ellen (94:170)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Big Bang Theory (16:23)
19.40 The Middle (6:24)

20.05 One Born Every Minute (4:8) Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild á breskum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklína í heiminn.

20.50 Covert Affairs (9:16) Önnur þáttaröðin um Annie Walker sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa. Hún talar sjö tungumál reiprennandi en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja.

21.35 Boss (3:8) Verðlaunapáttaröð með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago.

22.30 Man vs. Wild (8:15) Ævintýrlegir þættir frá Discovery með þáttastjórnandanum Bear Grylls sem heimsækir ólíka staði víðsvegar um heiminn.

23.15 Modern Family (9:24)

23.40 How I Met Your Mother (8:24)

00.05 Two and a Half Men (2:23)

00.30 Burn Notice (13:18)

01.15 The League (5:6)

01.40 The Killing (2:13)

02.25 If I Had Known I Was a Genius

04.05 Boss (3:8)

05.00 Covert Affairs (9:16)

05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Spænski boltinn: Barcelona - Getafe
17.20 Spænski boltinn: Barcelona - Getafe
19.00 NBA: Miami - LA Lakers
21.00 Spænsku mörkin
21.30 Meistaradeildin í handbolta - markapáttur
22.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
22.30 Fúchse Berlin - Barcelona Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu í handbolta.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Man. Utd. - Everton
14.20 Swansea QPR
16.00 Southampton - Man. City
17.40 Sunnudagsmessan
18.55 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
19.50 Liverpool - WBA
22.00 Premier League Review Show 2012/13
23.00 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
23.30 Liverpool - WBA

krakkar

07.00 Brunabíllarnir
07.20 Áfram Diego, áfram!
07.45 Waybuloo
08.05 Svampur Sveinsson
08.25 Dóra könnuður
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.05 Strumpanir
09.30 Ofurhundurinn Krypto
09.50 Lína langsokkur
10.15 Lukku láki
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.00 Maularinn
17.25 Ofurhetjusérsveitin
17.50 iCarly (10:25)

POP TV

17.05 Simpson-fjölskyldan (4:22) Hómer hefur ákveðið að gerast spámaður sem leiðir til þess að hr. Burns finnur ástina. En ástin er hverful og sérstaklega hjá hr. Burns.
17.30 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
18.15 Gossip Girl (19:22)
19.00 Friends (7:24)
19.20 How I Met Your Mother (9:24)
19.45 Simpson-fjölskyldan
20.10 Holidate (5:10) Raunveruleikaþættir um tvær konur í ástarleit sem búa hvorar í sinni borginni en þeim efur ekki vegnað vel í þeim efnum ákveða þær því að hafa vistaskipti. Þær fara nú á nokkur stefnumót og í hverjum þætti fá svo tveir heppnir herra menn að bjóða þeim með sér til sinnar heimaborgar.
20.55 FM 95BLÓ Tækifæri á að sjá það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÓ.
21.15 The Lying Game (1:20) Dramatískir spennuþættir frá höfundri Pretty Little Liars, og fjalla um eineggja tvíbura systur sem voru aðskildar við fæðingu.
22.00 The O.C (8:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
22.45 Holidate (5:10)
23.25 FM 95BLÓ
23.50 The Lying Game (1:20)
00.35 The O.C (8:25)
01.20 Tónlistarmyndbönd Popptívi

GULL

18.15 Doctors (132:175)
19.00 Ellen (94:170)
19.40 Logi í beinni
20.20 The Practice (3:6)
21.05 Að hætti Sigga Hall í Frakklandi
21.45 Logi í beinni
22.25 The Practice (3:6)
23.10 Að hætti Sigga Hall í Frakklandi
23.50 Tónlistarmyndbönd Popptívi

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray
08.45 Dr. Phil
09.25 Pepsi MAX tónlist
16.50 Rachael Ray
17.35 Dr. Phil
18.15 Upstairs Downstairs (5:6) (e)
19.05 Everybody Loves Raymond (3:24) (e)
19.25 America's Funniest Home Videos (e)
19.50 Will & Grace (23:24) (e)
20.15 Parks & Recreation (14:22) Bandarísk gamanseria með Amy Poehler í aðalhlutverki. Kosningaslagari er í bígerð og framþjófandinn verður afar vandræðalegur.
20.40 Kitchen Nightmares (16:17) Matreiðslumaðurinn ilgjarni Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við. Mikil matarhefð er í Philadelphíu, einni sögufrægustu borg Bandaríkjanna, Gordon Ramsay reynir að gefa veitingastað með úrðan matseðil andlitslyftingu.
21.30 Málið (6:7) Hárbeittir fréttaskýringarþættir frá Sölvu Tryggvasyni þar sem hann brýtur viðfangsefni til mergjar.
22.00 CSI (6:22) Ted Danson er í hlutverki Russel yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas.
22.50 CSI (16:23) Endursýning á fyrstu þáttaröð um Gil Grissom og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
23.30 Law & Order: Special Victims Unit (23:24) (e)
00.20 The Bachelorette (1:10) (e)
01.25 CSI: Miami (2:22) (e)
02.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 07.10 AT&T Pebble Beach 2013 (4:4) 12.10 Golfing World 13.00 AT&T Pebble Beach 2013 (4:4) 18.00 Golfing World 18.50 AT&T Pebble Beach 2013 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour - Highlights (1:25) 23.45 ESPN America

INN

20.00 Ung á öllum aldri 20.30 Allt um golf 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistaranna

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1


FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun




EKKI MISSA AF NEINU

595 6000

www.skjareinn.is

MÁLIÐ – Í KVÖLD KL. 21:30

Fóstureyðingar



SKJÁREINN

15% AFSLÁTTUR

15% afsláttur af OSO hitakútum, Wösab olíufylltum ofnum og Vortice loftræstiviftum.



Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil

***Það jafnast ekkert á við ítalskt
gæða kaffi beint í bollann***

Nú er lag fyrir alvöru kaffibragð! Á Ítalíu er vagma kaffigerðarinnar og þar eru ekki gerðarmálamiðlanir þegar kemur að alvöru kaffi. Sem brautryðjandi í fyrstu gerð alsjálfvirkra kaffivéla leggur Saeco metnað í að færa heimilunum ósvikið gæða kaffi – nýmalað með einum takka. Næstum eins og á kaffihúsi í Róm og einfaldlega „superiore!“.

 **Saeco**

***Vélarnar fást í mörgum gerðum
Verð frá kr. 69.990***

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Ég mundi ætla að það sé lag sem heitir Unleashing the Bloodthirsty með sveitinni Cannibal Corpse. Það kemur mér í gírinn hvern morgun ef því er að skipta.“

Smári Tarfur Jósefsson tónlistarmaður.

Eyþór tryllti lýðinn í gamla grunnskólanum

Sænska sjónvarpið var stutt hér á landi í lok síðustu viku og fylgdi Eurovision-faranum okkar eftir.

„Krakkarnir öskruðu því líkt þegar Eyþór gekk inn í salinn og ég veit ekki hvert þau ætluðu þegar hann tók lagið en þau kunnu að sjálfsögðu öll að syngja með Ég á líf,“ segir Valgeir Magnússon, umboðsmaður Eyþórs Inga Gunnlaugssonar, Eurovision-fara.

Sænska ríkissjónvarpið var stutt hér á landi fyrir helgi og fylgdi Eyþóri Inga eftir í tvo daga. Tilgangur heimsóknarinnar var að taka upp efni til að nota í 40 sekúndna langa kynningu sem verður sýnd áður en Eyþór stígur á Eurovisionsviðið í Malmö 16. maí næstkomandi. Bróðurparti föstudagsins varði hópur-

inn á heimaslóðum Eyþórs á Dalvík þar sem þeir fylgdu honum út á sjó, í hesthúsið og loks í barnaskólann á Dalvík þar sem hann sótti sjálfur nám á sínum yngri árum. Nemendur skólans tóku Eyþóri vel og nýttu tækifærið til að fá eiginhandarárítanir í leiðinni.

Á miðnætti á föstudaginn mættu Eyþór og sænska föruneytið svo á Enska barinn í Austurstræti þar sem kappinn tók nokkur vel valin lög við gríðargóðar undirtektir viðstaddra. Barinn var stappaður af fólki og vel tekið undir í söng og dansi. Allt ætlaði svo um koll að keyra þegar Eyþór tók Eurovision-framlagið sjálf, Ég á líf. - trs



VINSÆLL Krakkarnir í Dalvíkurskóla voru spennt að hitta Eyþór á föstudaginn og nýttu tækifærið til að fá hjá honum eiginhandarárítanir. MYND/VALGEIR MAGNÚSSON

Geiri.net snýr aftur

Ásgeir Freyr Kristinsson hélt úti síðunni Geiri.net á árum áður og birti þar myndir af skemmtanalífinu. Myndirnar hafa nú öðlast nýtt líf á Facebook.

„Þessi Facebook-síða hefur verið til heillengi en fáir tekið eftir henni. Ég kíkti á hana um daginn og hugsaði með mér hvort það væri ekki sniðugt að setja myndirnar þarna inn,“ segir Ásgeir Freyr Kristinsson. Ásgeir var iðinn við að mynda næturlífið í Reykjavík á árunum 2001 til 2003 og birti afkrasturinn á vefsíðunum Geiri.net og Núlleinn.is. Nú hafa myndirnar öðlast nýtt líf á Facebook við misjafnar undirtektir myndefnanna.

Sumarið 2001 hóf Ásgeir að mynda fólk á næturlífinu með stafrænni upptökuvél og setti afkrasturinn á vefsíðuna Geiri.net. Síðan vakti mikla lukku meðal ungs fólks og í kjölfarið hóf Ásgeir einnig að mynda fyrir vefsíðuna Núlleinn.is. „Ég var meira og minna á djamminu allar helgar í eitt og hálf ár og fékk svo endanlega nóg í byrjun árs 2003. Áhugi fólks á djammmyndum hafði líka fjarad út um það leyti þannig að síðan lagðist af,“ útskýrir Ásgeir. Hann kveðst eiga um fimmtán þúsund ljósmyndir frá skemmtanalífinu í Reykjavík á þessum tíma og er það tímaflek iðja að hlæða þeim öllum inn á Facebook.

„Ég setti inn myndir frá júní og júlí árið 2001 í byrjun vikunnar. Allt miðvikudagskvöldið fór í að setja inn seinni hlutann af júlímyndunum. Hver mánuður telur örugglega um 500 til 800 myndir. Þetta er vissulega tímaflek en ég geri þetta bara í rölegheitunum þegar ég á lausa stund.“ Spurður út í viðbrögð fólks við myndunum segir hann þær fara misvel í mannskapinn, margir hafi gaman af en aðrir hafa óskað eftir því að myndirnar séu fjarlægðar. „Ég skil að margir séu kannski komnir með börn eða í þannig vinnu að það þyki óæskilegt að birta svona myndir á Facebook og þá fjarlægji ég þær um leið,“ segir Ásgeir, sem í dag er kvæntur og starfar sem hugbúnaðarsérfræðingur hjá Advania. „Það má segja að ljósmyndunin hafi verið upphafið að starfsferlinum,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is



GEIRI.NET Ásgeir Freyr Kristinsson sá um vefsíðuna geiri.net hér á árum áður. Hann myndaði fólk á næturlífinu í byrjun aldarinnar og nú eru þær myndir komnar inn á Facebook við misjafnar móttökur. MYND/RÁN BJARGARÐÓTTIR



AFTUR TIL FORTÍÐAR Fólk hefur hlegið og grátið yfir myndunum sem Ásgeir hefur birt á Facebook. MYND/GEIRI.NET

Áslaug ein sú áhrifamesta í NY

Áslaug Magnúsdóttir er á lista yfir áhrifamestu einstaklinga tískuiðnaðarins.

Áslaug Magnúsdóttir, eigandi Moda Operandi, er á lista Fashionista.com yfir valdamestu einstaklingana í tískuiðnaðinum í New York. Fimmtíu manns eru á listanum, þar á meðal Anna Wintour, ritstjóri bandaríska Vogue.

Á listanum eru alls fimmtíu einstaklingar sem starfa innan tískuiðnaðarins, þar á meðal fatahönnuðir, fyrirsætur, stílistar og forstjórar. Áslaug er í flokki forstjóra, en alls voru sex einstaklingar nefndir í þeim flokki. Fashionista.com taldi Andrew Rosen, forstjóra Theory, fjárfestinn Shana Fisher, Robert Duffy, forstjóra Marc Jacobs, James Gardner, forstjóra Createthe Group og loks Mark Lee, forstjóra

verslunarinnar Barneys New York, til áhrifamestu forstjóra og fjárfesta New York.

Áslaug er ekki eini starfsmaður Moda Operandi sem komst á lista Fashionista.com því Taylor Tomasi Hill, listrænn stjórnandi Moda Operandi, er nefnd í flokki áhrifamestu innkaupastjóra og listræna stjórnenda New York. Tomasi Hill er einnig tíður gestur á erlendum götutískublogum og sótti einnig Ísland heim í tengslum við RFF árið 2012.

Aðrir sem komust á listann yfir valdamestu einstaklingana eru Anna Wintour, bloggari Bryn Boy og stílistarnir Grace Coddington og Carine Roitfeld.



ÁHRIFAMIKIL Áslaug Magnúsdóttir, forstjóri Moda Operandi, er talin einn af áhrifamestu einstaklingum tískuiðnaðarins í New York.

- sm

MYND/ROBERT CAPLIN

SPORT GUNNAR NELSON 16. febrúar

BARDAGI ÁRSINS!

Taugarnar verða þandar á Wembley Arena 16. febrúar þegar Gunnar Nelson mætir hinum þrautreynda bardagamanni Jorge Santiago í UFC. Misstu ekki af bardaga ársins á Stöð 2 Sport.

Gull LYSTI Q10 PROFIT

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone
Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

SPORT HD

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 33.990 KR.

Nýtt! Hóptímar í Sundlaug Kópavogs

- Dans og fjör með Zumba kennurum
- Spinning
- Jóga
- Core
- Flottar konur
- Morgunpuð
- Hádegispuð
- Morgunhressing
- Stöðvarþjálfun

Tilboð gildir til 11. febrúar 2013

Aðgangur að hóptímum er innfalinn í verði korts

Kortið gildir í líkamsrækt, hóptíma og sund í Sundlaug Kópavogs og líkamsrækt og sund í Salalaug.

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.acticgym.is



ASUS

acer



msi

Seagate

SanDisk

MANHATTAN



Sarotech

TOSHIBA

SAMSUNG

RAZER

WACOM

PHILIPS



WD

STÓRÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
 BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
 MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
 FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • BLEK • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
 SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
 GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
 STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
 MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • HÝSINGAR

MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI.
 NÝJAR VÖRUR, B VÖRUR, SÝNINGAREINTÖK OG
 ÚTLITSGALLAÐ Á DÚNDURAFSLÆTTI!

**2.000
VÖRUR
Á ÚTSÖLU**

**SÝNINGAREINTÖK
OG ÚTLITSGALLAÐ
Á BOTNVERÐI**

**EINA
ÚTSALA
ÁRSINS!**

tl.is

**STÓRÚTSALA SAMTÍMIS
Í 6 VERSLUNUM
UM ALLT LAND**

**OPIÐ
10 - 18**

**TÖLVU
LISTINN**

**SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ
Á TL.IS**





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍFRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Barði á toppnum

Kvikmyndin *Would You Rather*, sem tónlistamaðurinn **Barði**, oftast kenndur við *Bang Gang*, samdi tónlistina í ásamt Daniel Hunt úr hljómsveitinni *Ladytron*, virðist hitta í mark. Myndin er í toppsæti lista iTunes í Bandaríkjunum yfir mest seldu hryllingsmyndirnar þessa

helgi og í sæti númer 32 á heildarlistanum yfir allar kvikmyndir. Barði hefur einnig samið tónlist við hryllingsmyndina


Häxan, sem og íslensku myndirnar *Strákarnir okkar* og *Reykjavík Rótturdam*.



Gæti orðið skærasta stjarna UFC

Hróður bardagakappans **Gunnars Nelson** berst víða nú þegar dregur nær næsta slag hans í UFC 16. febrúar. Sá síðasti til að blanda sér í umræðuna um ágæti Gunnars er hinn vel þekkti skríbent Kevin Iole, sem segir í pistli á Yahoo! Sports að Gunnar hafi allt til brunns að bera til

að verða ein skærasta stjarna UFC. Hann hafi bæði sýnt fram á bardagahæfileika og hugarfar til að ná upp á topp í veltivigtarflokki, þar sem fyrir eru á fleti fjölmargir af bestu keppendum UFC. Hann þurfi að venja sig við sviðsljósið ef fram fer sem horfir. -bj



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Bréf hjúkrunarfræðings: Fjórum mannslífum bjargað á einni nóttu
- 2 Stakk lögregluna af á 183 km hraða
- 3 Gleymdi pottinum á eldavelinni
- 4 Tíu látnir eftir óveðrið
- 5 Morðinginn enn ófundinn
- 6 Hjúkkan sem skrifaði bréf til fjölmiðla: Þetta er ekkert grín

KOMIN Í KILJU Á ÍSLENSKU!



JPV

JPV ÚTGAFA

www.forlagid.is
 alvöru bókaútgáfa á netinu



HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili!

★ AMERÍSKIR DAGAR!

NÚNA
70.000
KR. AFSLÁTTUR



LARAMIE Hornsófi.
Brúnt microfíber.
D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

379.990
VERÐ: 449.990

12 MÁNAÐA VAXTALAUS SÓFALÁN

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



LARAMIE sófasett microfíber áklæði. Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

179.990 **189.990** **149.990**
VERÐ: 199.990 VERÐ: 209.990 VERÐ: 169.990

NÚNA
60.000
KR. AFSLÁTTUR SÓFI



BROMLEY sófasett brúnt leður. Stóll: B: 111 H: 95 B: 95
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm. 3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

399.990 **259.990**
VERÐ: 459.990 VERÐ: 299.990

NÚNA
40.000
KR. AFSLÁTTUR STÓLL

LA-Z-BOY® MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI

Allir LA-Z-BOY stólar eru nú á febrúartilboði
VERÐ FRÁ 84.900 KR.



LA-Z-BOY®
PINNACLE La-z-boy stóll.
 Svart, ljóst eða brúnt leður.
 B:80 D:85 H:104 cm.



LA-Z-BOY®
ASPEN La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
 B:80 D:85 H:102 cm.



LA-Z-BOY®
NORMAN La-z-boy stóll.
 Brúnt áklæði.
 B:74 D:70 H:103 cm.

LA-Z-BOY®

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllin.

HÚSGAGNAHÖLLIN